



Björgunar- og slökkviliðsfolk stendur í ströngu í Kaliforníu í Bandaríkjunum þessa dagana. Miklir skógareldar hafa kostað 44 lífið. Í bænum Paradise hafa brunnin bilahræ verið fjarlægð af götunum á meðan leit að fórnarlömbum stendur yfir. Nánar er fjallað um eldana á síðu 8. NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTABLAÐIÐ  
**+PLÚS**

Fleiri myndir frá Kaliforníu er að finna á +Plúsiú Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

## Gefa frumvarpi Lilju falleinkunn

Sviðslistafolk ályktar gegn drögum að frumvarpi að sviðslistalögum. Þjóðleikhússtjóri sá eini sem ekki ritar nafn sitt við ályktunina. Menntamálaráðherra hafnar fullyrðingum um að samráð hafi ekki verið haft.

**STJÓRN MÁL** „Þetta er illa skrifað, illa unnið, fullkomlega ófaglegt og fyrst og síðast fullkomið virðingarleysi við allt það fólk sem vinnur í sviðslistum á Íslandi,“ segir Birna Hafstein, formaður Félags íslenskra leikara og forseti Sviðslistasambands Íslands, um drög mennta- og menningarmálaráðherra að nýjum lögum um sviðslistir, sem kynnt voru í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Sviðslistasambandið boðaði til opinna fundar vegna frumvarpsins í vikunni og birti í gærkvöldi ályktun fundarins sem umsjón við frumvarpið. „Fundurinn lýsir furðu sinni á því að Mennta- og menningarmálaráðuneytið skuli ekki hafa átt samráð við fagfólk og hagsmunaa-

ðila við gerð þeirra. Fundurinn hafnar þessum drögum einróma,“ segir í ályktuninni. Viðmælendur Fréttablaðsins gagnrýna sérstaklega algjört samráðsleysi við gerð frumvarpsdraganna. „Það er verið að smíða löggjöf um okkur en það er ekkert talað við okkur,“ segir Birna. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir að ráðuneytið hafi sannarlega haft samráð, til dæmis með stórum samráðsfundi 17. janúar. „Þetta samráð hefur farið fram,“ segir Lilja. „En ég hvet auðvitað sviðslistafolk til að nýta sér samráðsgáttina, hún er til þess gerð að fá viðbrögð og til að bæta lagasetningu

**Fundurinn hafnar þessum frumvarpsdrögum einróma.**

Úr ályktun fundar Sviðslistasambandsins



**Lilja Alfreðsdóttir**, mennta- og menningarmálaráðherra

á Íslandi.“ Aðspurð segir Birna að farið hafi verið nokkuð vandlega yfir frumvarpsdrögin á fundi sambandsins. „Við komumst að þeirri niðurstöðu að við getum ekki látið bjóða okkur upp á þetta.“ Hún segir ákvörðunina um að álykta gegn drögum hafa verið einróma. Meðal þess sem viðmælendur Fréttablaðsins gagnrýna er afturhaldshugsun í uppbyggingu Þjóðleikhússins, veik staða Íslensku óperunnar og að engin sjálfstæð hugmyndafræði komi fram um Íslenska dansflokkinn. Stjórnendur helstu sviðslistastofnana rita nafn sitt undir ályktun fundarins, að þjóðleikhússtjóra einum undanskildum. – að / sjá síðu 4

## Draga í efa ársreikninga Primera

**VIÐSKIPTI** Andri Már Ingólfsson, aðaleigandi Primera-samstæðunnar, hafnar því að ranglega hafi verið staðið að gerð ársreikninga félaga innan ferðaþjónustusamstæðunnar. Endurskoðendur sem hafa rýnt í ársreikninga félaganna telja vandséð að vijkandi lán sem Primera Air var veitt í fyrra og breytti neikvæðri eiginfjárstöðu í jákvæða, geti talist til eigin fjár félagsins. Þá segja þeir vafa leika á því hvort félaginu hafi verið heimilt að innleysa hagnað vegna sölu á vélum sem eru enn í smíðum og átti að afhenda 2019. – hae, kj / sjá Markaðinn **Andri Már Ingólfsson**.



Innanlandsflug frá 7.680 kr. aðra leiðina



airicelandconnect.is

Nýttu tímann og fljúgðu á vit ævintýrana

Air Iceland Connect






NORDICPHOTOS/AFP

## Eyðileggingin gríðarleg

Mannskæðir skógareldar geisa enn í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Þúsundir bygginga hafa eyðilagst í hamförunum og að minnsta kosti 44 hafa farist. Óttast er að það gæti tekið margar vikur að finna lík allra fornarlamba eldanna.



## Veður



Austan 5-10 og lítilsháttar rigning S-lands, en slydda eða snjómugga á NA- og A-landi. Hiti 0 til 6 stig og fer heldur kólnandi. **SJÁ SIÐU 16**

## Banksy-plakatið fer í tætarann

**SAMFÉLAG** Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri, hyggst farga eftirpentun af verki listamannsins Banksy sem hékk á skrifstofu hans í Ráðhúsinu. Eins og Fréttablaðið fjallaði um leit Jón svo á að verkið væri gjöf til sín, þegar hann gegndi starfi borgarstjóra. Strangar reglur gilda um gjafir sem kjörnir fulltrúar mega þiggja.

„Ég hef enga ánægju af þessari mynd lengur,“ segir Jón í færslu á Facebook. Hann hefur áður greint frá því að um plakat sé að ræða, sem hægt sé að kaupa fyrir smápeninga.

Hann segir að myndin sé verðlaus og hafi takmarkað gildi fyrir nokkurn nema sig. Annars hefði honum aldrei dottið í hug að taka hana með sér heim þegar hann hætti sem borgarstjóri.

– khn



## Fjordvik sleikir sárin



Flutningaskipið Fjordvik var dregið í gær frá Keflavík til Hafnarfjarðar. Þar verður skipið sett í flotkví svo hægt sé að meta til fullnustu skemmdir sem urðu er það strandaði í Helgukví. Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri í Hafnarfirði, sagði í gær að vegna þess hversu Fjordvik væri afturbungt þyrfti að fergja það að framan með 100 til 200 tonnum af sekkjuðum sandi áður en það fer í kvina, sem verði sennilega á morgun. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

## Ný upplýsingaveita fyrir viðskipti og stærri Markaður

**FJÖLMIDLAR** Fréttablaðið hefur opnað nýjan vef, markaðurinn.is sem er sérniðin upplýsingaveita um allt sem máli skiptir í viðskiptalífnum. Þar verður meðal annars hægt að fylgjast með nýjustu viðskiptafréttum, innlendum og erlendum, gengi hluta- og skulda-brefa, ávöxtun fjárfestingarsjóða og nálgast upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja.

Samhliða þess-

ari auknu þjónustu við lesendur mun Markaðurinn, vikulegt viðskiptablað Fréttablaðsins, stækka og verður hér eftir sextán blaðsíður.

Ritstjórn Markaðarins mun á komandi vikum kynna til leiks nýja efni síflokka og þannig um leið efla blaðið sem helsta vettvang frétta í íslensku viðskiptalífi. – hae

Markaðurinn stækkar og markaðurinn.is fer í loftið.



## Fengu uppsagnarbréf á meðan þeir voru á sjó

Skipverjum Helgu Maríu AK sem eiga rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti eða lengri voru send uppsagnarbréf í ábyrgðarpósti á meðan þeir voru á sjónum. Vilhjálmur Birgisson segir þetta enn eitt áfallið sem Akranes verður fyrir á

**SJÁVARÚTVEGUR** Uppsagnarbréf sjómanna á Helgu Maríu AK, skipi HB Granda, bárust sjómönnum með ábyrgðarpósti þann 8. nóvember síðastliðinn, meðan þeir voru að veiðum. Áður hafði framkvæmdastjóri fyrirtækisins þverneitað að tekin hefði verið nokkur ákvörðun um að segja upp sjómönnum á skipinu.

„Það er rétt. Ég get staðfest að þeir skipverjar sem hafa þrjá mánuði í uppsagnarfresti eða lengri hafa fengið uppsagnarbréf frá okkur. Við munum svo á næstu mánuðum meta stöðu skipsins og endurskoða reksturinn á skipinu,“ segir Ægir Páll Friðbertsson, framkvæmdastjóri HB Granda. „Það hefur engin ákvörðun verið tekin um framtíð skipsins en allar hugmyndir uppi á borðinu hvað það varðar.“

Skipið hélt til veiða í lok október en áður var haldinn starfsmannafundur um borð þar sem skipverjum var tjáð að fram undan yrðu mögulegar uppsagnir og breytingar á útgerð skipsins.

HB Grandi hefur á síðustu vikum hagrætt nokkuð í rekstri sínum með uppsögnum á starfsfólki, bæði á Akranesi og á Norðausturlandi, en fyrirtækið er umsvifamikilið á Vopnafirði. Ekki er svo langt síðan fyrirtækið ákvað að flytja alla landvinnslu sína frá Akranesi til Reykjavíkur.

„Þetta er ekki gott, enn eitt höggið fyrir okkur á Akranesi en Helga María er sannarlega skráð hjá okkur. Það er alveg ljóst að fyrirtækið leitast nú gríðarlegur hagræðingar sem birtist í upp-



HB Grandi.



Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

sögnum þeirra sem búa til verðmætin. Það er aldrei gott þegar fólk missir vinnuna,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness. „Maður veltir því fyrir sér hver ábyrgð lif-

eyrissjóðanna okkar sé sem eiga um helming í fyrirtækinu eins og staðan er núna,“ bætir Vilhjálmur við.

HB Grandi hefur á síðustu misserum tekið í notkun þrjú ný og mjög afkastamikil ísfskip. Helga María er eitt elsta skipið í flota fyrirtækisins sem nú leitast allra leiða til að hagræða í rekstrinum. Ekki er á þessu stigi vitað hvort skipverjar á Helgu Maríu fái pláss á öðrum skipum fyrirtækisins verði þeirra skipi lagt og það selt. **sveinn@frettabladid.is**

## LED LAMPAR

Rafvirkjar



3000K 4000K

LEDVANCE OSRAM

533 1900 | olafsson.is

Jóhann Ólafsson & Co



# Horfa verði til heilsufarsógnna loftslagsbreytinga

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það eru að minnu mati hálfögnvænlegir timar fram undan ef ekkert gerist. Það er full þörf á að vekja alla til umhugsunar,” segir Þórólfur Guðnason söttvornarlæknir. Hann sat nýverið alþjóðlega ráðstefnu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) í Genf um heilsufarsógnir af völdum loftmengunar og loftslagsbreytinga. Útgangspunktur ráðstefnunnar var að tími umræðu sé liðinn og stund aðgerða sé runnin

**Það eru að minnu mati hálfögnvænlegir timar fram undan ef ekkert gerist.**

Þórólfur Guðnason söttvornarlæknir



upp. Þórólfur segir það líka eiga við um Ísland.

Á ári hverju er talið að í heiminum láttist sjö milljónir einstaklinga af völdum loftmengunar, þar af 500 þúsund börn yngri en fimm ára. Þórólfur bendir á að evrópska Umhverfisstofnunin ætli að hér á landi valdi loftmengun 80 ótímabærum dauðsföllum á ári og að nokkrar íslenskar rannsóknir sýni óyggjandi að mengunin veldur hér ýmsum heilsufarsleg-

um vandamálum. Bendir Þórólfur á að um áramótin síðustu hafi mengun af völdum skotelda í Reykjavík slegið öll met og á bilinu 10-20 einstaklingar leitað til heilbrigðiskerfisins vegna öndunarvandamála og óþæginda. Það sé bara toppurinn á ísjakanum.

„Það má búast við að ef ekkert verður að gert, eins og margir hafa bent á, þá mun væntanlega margt breytast hér ef ekki tekst að snúa þróuninni við. Við munum fá aukinn

fjölda flóttamanna, óbyggleig svæði víða um heim, við munum fá nýja sjúkdóma hingað vegna breytinga á dýralífi og svo framvegis.“

Hann kveðst ekki ætla að leggja mat á það hvort loftslagsáætlun ríkisstjórnarinnar gangi nógu langt, þar sem hann sé ekki sérfræðingur í loftslagsmálum. „En við þurfum að fara að hugsa okkur um hvernig þessi mál eru að þróast, bæði hér á Íslandi og í heiminum öllum.“ – smj

## Deila um ágæti samkomulags

**BRETLAND** Evrópusambandið og Bretland hafa samþykkt drög að Brexit-samningi. Viðræðum er ekki lokið enda á enn eftir að loka smærri málum, sagði á vef BBC. Breskir ráðherrar voru kallaðir á fund Theresu May forsætisráðherra í gær. Frekari fundir ráðherra fara fram í dag.

Samkvæmt írsku ríkisútvarpinu munu Norður-Írland þurfa að halda í stærri hluta af regluverki innri markaðar og tollabandalags ESB en önnur svæði Bretlands til þess að koma í veg fyrir sýnilega landamærageslu á milli Norður-Írlands og Írlands.

Viðbrögðin við tíðindunum voru misjöfn. Varaformaður norðurriska DUP-flokksins, sem ver ríkisstjórn lhaldflokksins vantrausti, sagði að það yrði erfitt að koma þessu samkomulagi í gegnum þingið. Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins, sagði ólíklegt að samningurinn væri góður fyrir Breta.

Ög innan lhaldflokksins voru ymsir ósáttir, einkum harðasti Brexit-vængur flokksins sem hefur lengi deilt við May. Boris Johnson sagði að Bretar yrðu undirlægjur ESB. Julian Smith, sem sér um að smala saman atkvæðum lhaldflokksins á þingi, sagðist þó viss um að það væri hægt að ná samkomulaginu í gegnum þingið. – þea



Theresa May

# Þjóðleikhússtjóri verði sem einvaldur með nýjum lögum

Mennta- og menningarmálaráðherra hafnar því alfarið að ekkert samráð hafi verið haft við sviðslistafólk þegar drög að frumvarpi að sviðslistalögum voru samin. Sviðslistafólk hefur ályktað gegn drögnum.

**STJÓRN MÁL** „Það sem er verið að gera í þessum drögum er að laga leiklistarlög að lögum um opinbera starfsmenn og gera þjóðleikhússtjóra að einvöldum stjórnanda í leikhúsinu,” segir Páll Baldvin Baldvinsson, formaður Félags leikstjóra á Íslandi, um drög mennta- og menningarmálaráðherra að lögum um sviðslistir.

Félagar í Sviðslistasambandi Íslands höfnuðu frumvarpsdrögnum með ályktun sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda í gærkvöldi.

Páll segir þjóðleikhúsráð gert nánast valdalaust í frumvarpsdrögnum. Birna Hafstein, forseti Sviðslistasambandsins, tekur undir það. „Í þessum drögum er einhver stórkostleg afturhaldshugsun um tiranniska uppbyggingu í þjóðleikhúsinu.“ Það eigi að taka alla ábyrgð af þjóðleikhúsráði, engin krafa sé gerð um stöðu framkvæmdastjóra í húsinu heldur á þetta að verða einvaldsstofnun með einvalda þjóðleikhússtjóra. „Leikhús er fyrst og fremst samvinna og það endurspeglast alls ekki í þessum lögum,” segir hún.

Birna gagnrýnir einnig að ekkert sé minnst á þríhlíðasamninga við leikhúsin á landsbyggðinni en í gildandi lögum sé heimild til slíkra samninga sem skipti miklu máli fyrir landsbyggðina. Þá sé gert ráð fyrir sviðslistaráði sem eigi bæði að deila út fé til sjálfstætt starfandi listafólks og vera ráðherra til ráðgjafar. „Við höfum alltaf sagt að þetta megi ekki fara saman, það eru ekki góðir stjórnarhættir.“

Að lokum segir Birna að sviðslistafólk hafi lengi beðið eftir kynningarmiðstöð sviðslistanna eins og komið hafi verið á fót fyrir aðrar



Sviðslistasambandið gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarpsdrögin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞOR

listgreinar. Um árabíl hafi verið gefin fyrirheit um að kveðið verði á um hana í nýjum lögum en hvergi sé minnst á hana í frumvarpsdrögnum.

Steinunn Birna Ragnarsdóttir óperustjóri og Ragnheiður Skúladóttir, framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins, gagnrýna drögin einnig og sérstaklega að ekkert samráð hafi verið haft við listageirann en því hafi verið óðrúvisi farið þegar

fyrst var gerð atrenna að lagasetningu um sviðslistir, í tíð Katrinar Jakobsdóttur.

„Íslenska óperan hefur verið flaggskip óperuflutnings í landinu í 40 ár og því finnst okkur skjóta skökku við að stæða hennar sé ekki styrkt í þessu frumvarpi í samræmi við gildi stofnunarinnar bæði í listrænu samhengi og fyrir þjóðina,” segir Steinunn.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og

menningarmálaráðherra, segir að ráðuneytið hafi sannarlega haft samráð, til dæmis með stórum samráðsfundi sem haldinn var 17. janúar. Fundi sem Páll Baldvin, Birna Hafstein og Steinunn Birna sátu.

„Þetta samráð hefur farið fram,” segir Lilja. „En ég hvet auðvitað sviðslistafólk til að nýta sér samráðsgáttina, hún er til þess gerð að fá viðbrögð og til að bæta lagasetningu á Íslandi.“ [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið  
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.  
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

jeep.is

**JEEP CHEROKEE LONGITUDE LUXURY**  
**JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIÐ.**  
**AÐEINS EINN BÍLL EFTIR Á GAMLA GENGINU.**  
DÍSEL 2.2 185 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTUR.  
AUKAHLUTAPAKKI: MÁLMILTUR, 18" ÁLFELGUR, 30" DEKK, 8,4" SKJÁL, LEDURÆTI, RAFDRIFIN FRAMSÆTI MEÐ MJÓBAKSSTUÐNINGI, BAKKMYNDAVÉL, LEIDSÖGUKERFI OG PREMIUM HLJÓDKERFI, LYKILLAUST AÐGENGI, FJARSTART OG RAFMAGNS AFTURHLERI.

**ÍSABAND** ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD  
UMBODSADILI JEEP. Á ÍSLANDI · PVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · S. 534 4433  
[WWW.ISBAND.IS](http://WWW.ISBAND.IS) · [ISBAND@ISBAND.IS](mailto:ISBAND@ISBAND.IS) · ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**  
THERE'S ONLY ONE



Opið til  
kl. 21:00

Skútuvegur,  
Akureyri, Ísafjörður,  
Egilsstaðir

# HÚSASMÍÐJU DAGURINN

Mörg þúsund vörur á afslætti  
aðeins í dag

# 250%

## afsláttur

Allar seríur og jólasbraut • Allar vörur í Blómavali • Gervijólatré • LADY málning • Blöndunartæki  
Rafmagnsverkfæri • Handverkfæri • Verkfærakassar • Philips perur og ljós\* • Búsáhöld • Hreinlætistæki  
Hillurekkar • Áltröppur og stigar • Loftverkfæri • Parket • Pottar og pönnur • Glös og matarstell  
Bökunarvörur • Gjafavörur • Gæludýravörur • Hreinsiefni • Pottaplöntur.. og margt fleira!

**Kynningar**  
Hekla, íslensk  
hönnun, servíettur.  
kerti kl. 16-20

**Kynningar**  
Noel jólaillmurinn og  
Windows Forest.  
Weleda snyrti-  
og húðvörur.

**Verkfæra-  
kynning**  
á Hitachi og  
Black+Decker  
kl. 17-21

**Dagskrá  
í Skútuvogi  
í dag**

Jólaöldin verður á sínum  
stað í Blómavali

**Grillum pylsur  
í Skútuvogi**  
kl. 18-20

**Kynning í  
Gæludýradeild**  
kl. 17-21.  
Labrador hundar  
koma í heimsókn  
kl. 18-20.

## Speglar kyssast á þrengri Hverfisgötu

**SAMGÖNGUR** „Það hafa nokkrir speglar farið, ég ætla ekki að neita því,“ segir Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafultrúi Strætó bs. Lítið má út af breðga svo speglar strætísvagna kyssast ekki á ákveðnum stöðum endurgörðrar Hverfisgötu. Bæði virðist gatan víða þrengri þar sem komið hefur verið fyrir til dæmis hjólastigum en annars staðar þrengja framkvæmdir og bílar,

sem illa er lagt, að vegfarendum.

Farþegar með strætó hafa veitt því athygli að vagnar og önnur stór ökutæki eiga á ákveðnum stöðum í stökustu vandræðum með að mætast. Annaðhvort þarf annað ökutækið að vika eða ökumenn að hægja verulega á sér til að forðast snertingu. Heilt yfir hefur akstur um Hverfisgötuna þó gengið vel að sögn Guðmundar.

„Bilstjórar hafa aðallega lent í vandræðum vegna framkvæmda eða þegar bílum er illa lagt. Þeir hægja bara vel á sér þegar þeir mætast,“ segir Guðmundur. Hann segir farþega vera svo ánægða með aksturinn um Hverfisgötu að Strætó láti þetta ekki á sig fá.

„Okkur finnst þetta ganga vel. En það hafa farið nokkrar speglar.“ – smj



Eins og sjá má er ekki mikið svigrúm á Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Endurskoða verklag hjá Seðlabanka

**GJALDEYRISMÁL** Seðlabanki Íslands (SÍ) hyggst endurskoða verklag sitt í ljósi dóms Hæstaréttar í máli Samherja gegn bankanum þar sem stjórnvaldssekt bankans, sem nam 15 milljónum króna, var felld úr gildi. Seðlabankinn sektaði Samherja vegna gruns um að fyrirtækið hefði brotið gjaldeyrislög.

Í tilkynningu sem SÍ birti á heimasíðu sinni í gær segir að bankanum hafi borðið að kæra grun um meiriháttar brot gegn gjaldeyrislögum til lögreglu. Lagalegir annmarkar sem komu í veg fyrir að lögadilar gætu borðið refsiaþyrgð á brotum á lögum um gjaldeyrislög hafi síðan „haft viðtæk áhrif þar sem sambærilegir annmarkar voru á annarri löggjöf á fjármálamarkaði allt frá árinu 2007“.

Fram kemur að Seðlabankinn hafi lítið á meðferð málsins hjá bankanum og sérstökum saksóknara sem samfellda og heildstæða. Það álit hafi verið í samræmi við lögfærðalítil sem bankinn hafi aflað og skýrslu Lagastofnunar Háskóla Íslands um úttekt á stjórnslu bankans við framkvæmd laga um gjaldeyrislög. „Endanleg niðurstaða dómstóla liggur nú fyrir og mun Seðlabankinn meta verklag vegna máls með ferðar innan bankans í kjölfar dómsins í tilvikum sem þessum,“ segir í tilkynningunni.

– khn

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri.



## Aðhaldsaðgerðir bitni á þeim sem síst þurfi á þeim að halda

**Breytingartillögur fyrir 2. umræðu fjárlaga fela í sér frestun á verkefnum við nýjan Landspítala og minni framlög til öryrkja. „Krónan að gera okkur erfitt fyrir.“**

**ALÞINGI** „Að mati okkar í Samfylkingunni eru bæði fjárlagafrumvarpið og þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á því mikil vonbrigði. Enn og aftur er barnafólk, milli- og lágtekjufólk, aldraðir og öryrkjar skildir eftir,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar og 2. varaformaður fjárlaganefndar.

Til stóð að umræða um frumvarpið færi fram í gær en hún mun fara fram á morgun þar sem uppfæra þurfti frumvarpið miðað við nýja hagspá Hagstofunnar.

„Við munum leggja til breytingartillögur sem munu mæta kröfum þjóðarinnar um að styrkja innviðina. Þær breytingartillögur eru að fullu fjármagnaðar með breyttum áherslum í skattamálum. Ísland er ríkt land og við eigum ekki að biðja öryrkja, aldraða og ungt fólk að biðja endalaus eftir réttlæti,“ segir Ágúst Ólafur.

Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjárlaganefndar, segir að meirihlutinn hafi þurft að gripa til aðhaldsaðgerða vegna breyttra forsenda frá því að frumvarpið kom fram. Í



Ágúst Ólafur segir öryrkja aðeins fá brot af því sem þeir hafi kallað eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

forsendum frumvarpsins hafi verið gerð ráð fyrir 2,9 prósentu hagvexti en ný spá Hagstofunnar geri ráð fyrir 2,7 prósentu hagvexti.

„Krónan er aðeins að gera okkur erfitt fyrir og verðbólga er farin af stað. Þetta hefur áhrif á umfangsmikinn lið í frumvarpinu sem er launa- og verðlagsbætur. Það þarf að hækka nokkuð drjúgt, eða um 4 milljarða. Það þarf þess vegna að gera ráðstafanir á útgjaldaþlíðinni,“ segir Willum.

Meðal annars verði hluta verk efna við byggingu Landspítalans frestað og hægt á nýbyggingu fyrir skrifstofu Alþingis. Þá var í frumvarpinu lagt upp með 4 milljarða til að koma til móts við öryrkja en þau framlög verða skorin niður um 1,1 milljarð.

„Þær tillögur voru ekki fullmótar og eru í vinnslu. Það er stutt í áramót og ljóst að það næðist ekki að klára þær.“ Þetta fjármagn sé hins vegar naglfast í fjármálaáætlun

og muni fara til öryrkja þótt það dragist.

„Það er alveg ótrúlegt að það gerist hjá ellefta ríkasta landi heims. Svo fá öryrkjar bara brot af því sem þeir eru að kalla eftir. Afnáam krónu á móti krónu skerðinga er ekki fjármagnað. Framhaldsskólarnir lækka milli ára og háskólarnir ná ekki OECD-viðmiði eins og lofað var í stjórnarsáttmála,“ segir Ágúst Ólafur

sighvatur@frettabladid.is

# Škodaðu verðið

Gríptu tækifærið og fáðu þér nýjan ŠKODA á besta verðinu strax í dag. Hlökkum til að sjá þig!

**Škoda Octavia** Limo Ambition / 1.6 TDI / Disil / Sjálfskiptur

**Besta Škodaverðið 3.850.000 kr.**

Listaverð: 4.190.000 kr.

**Afsláttur**

**340.000 kr.**



**Škoda Superb** Combi Ambition / 2.0 TDI / Disil / Sjálfskiptur

**Besta Škodaverðið 4.890.000 kr.**

Listaverð: 5.410.000 kr.

**Afsláttur**

**520.000 kr.**



ŠKODA



# PAKKADAGAR



Kynntu þér alla bílana á  
[pakkadagar.kia.is](http://pakkadagar.kia.is)



Kia Sportage

Verð frá **4.690.777 kr.**

Vetrar- eða ferðapakki, verðmæti allt að 450.000 kr.

## Fáðu þér nýjan Kia og kíktu strax í pakkann

Nú er rétti tíminn til að tryggja sér nýjan Kia því veglegur kaupauki fylgir völdum bílum. Þú getur valið stútfullan vetrarpakka af aukabúnaði eða spennandi ferðapakka með gjafabréfi út í heim. Þá fá allir sem kaupa nýjan bíl frá Kia 50.000 kr. gjafabréf í Smáralind og allt að 50.000 kr. aukalega með því að snúa Lukkustýrinu.

Kynntu þér málið á [pakkadagar.kia.is](http://pakkadagar.kia.is)





Loftárásir á Gasa. NORDICPHOTOS/AFP

## Sjö hafa fallið á Gasasvæðinu

**PALESTÍNA** Átta hafa fallið í átökum sem blossuðu upp á milli ísraelska hersins og hersveita Hamas-samtakanna eftir að ísraelsk sérsvið felldi sjö liðsmenn Hamas hinum megin við landamærin að Gasasvæðinu á sunnudaginn. Eftir þessa aðgerð hafa sjö fallið á Gasasvæðinu í árásum Ísraels og einn Palestínumaður, búsettur á Vesturbakkanum, í aðgerðum Hamas.

Sveitir Palestínumanna sögðu í gær að þær myndu hætta sprengjuárásum sínum og koma á friði ef Ísraelar gerðu slíkt hið sama, að því er Reuters greindi frá. Miðillinn sagði að þetta væru mestu átök á svæðinu frá stríðinu árið 2014.

Ísraelskur embættismaður ræddi við Reuters í skjóli nafnleynar. Hann sagði að Hamas-liðar ættu fyrst að hætta sprengjuárásum, svo myndu Ísraelar bregðast við.

Frá því á sunnudag hafa Palestínumenn skotið rúmlega 400 eldflaugum á Ísrael, að því er kom fram á BBC í gær, og ísraelski flugherinn skotið á 150 skotmörk. Breski miðillinn greindi sömuleiðis frá því að Palestínumenn segðu að Egyptar hefðu komið á friði í gær en það hafa Ísraelar ekki staðfest. — þea

# Leit að látnum gæti tekið vikur

Tala látinna í skógareldunum í Kaliforníu hækka enn. Leitarhópar og slökkviliðsfolk eiga afar erfið starf fyrir höndum. Lítið hefur gengið að hefta útbreiðslu stærstu og mannskæðustu eldanna enn sem komið er.

**BANDARÍKIN** Það gæti tekið leitarhópa og rannsakendur vikur að finna lík allra þeirra sem hafa látið í skógareldum í Kaliforníu undanfarna daga. Þetta hafði BBC eftir embættismönnum í ríkinu í gær.

Fjölmargir eldar geisa enn í þessu fjölmennasta ríki Bandaríkjanna og samkvæmt Los Angeles Times hefur útbreiðsla þeirra tveggja stærstu, sem kenndir eru við Camp og Woolsey, ekki verið heft nema um þriðjung.

Tala látinna hélt áfram að hækka í gær og eins og embættismenn benda á mun sú þróun halda áfram enda er hundraða enn saknað. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær höfðu lík 44 fundist.

Fréttaveitan AP fjallaði ítarlega um stórfleitaforfólks í gær. Í umfjölluninni kom fram að í bænum Paradise, þar sem Camp-eldarnir geisa enn, sé fjöldi hópa að störfum.

Leitarmenn notast við einfalda hugmyndafræði. Töm innkeyrsla er góðs viti, einn bill vekur áhyggjur en fleiri brenndir bílar eru sagðir

## Kalifornía logar

Staðan í gær, 13. nóvember



Camp- og Woolsey-eldarnir eru stærstir og hafa valdið langmestu tjóni.

44 hafa farist í hamförum undanfarna daga.

uggvænlegur fyrirboði.

Camp-eldarnir hafa valdið mestu tjóni. Þeir geisa í Butte-sýslu í norðurhluta ríkisins á um 500 ferkilómetra svæði.

Samkvæmt tölfræði sem Los Angeles Times birti hafa 42 farist í eldunum, 6.522 heimili eyðilagst og 260 byggingar með atvinnustarfsemi. Þá ógna eldarnir 15.500 byggingum til viðbótar.

Útbreiðsla eldhafsins hefur ekki verið heft nema um 30 prósent. Það er, ekki er búið að loka nema 30 prósentum þeirra átta sem eldurinn

getur breiðst út í. Eldarnir eru þeir mannskæðustu í sögu Kaliforníu og slógu met elda sem geisluðu í Griffith Park árið 1933 og urðu 31 að bana.

Woolsey-eldarnir geisa svo í suðurhlutanum á tæplega 400 ferkilómetra svæði. Þar hefur tvennt farist og 435 byggingar eyðilagst. Eldarnir ógna svo 57.000 byggingum til viðbótar.

Útbreiðsla hefur verið heft um 35 prósent. Þótt slökkviliðsfolk hafi verið að störfum nærri upp-tökum Woolsey-eldanna, að berjast við Hill-eldana, og því komist tiltölulega snemma á vettvang náðu Woolsey-eldarnir að breiða hratt úr sér vegna mikilla þurrka og vinda. Vindhraði var um 20 metrar á sekúndu í gær og slökkvistarfar því enn erfið.

Kory Honea, lögreglustjóri Butte-sýslu, sagði í fyrriðit að stefnt væri að því að finna lík þeirra sem eru látnir eins fljótt og hægt er. „Af því ég veit hversu erfið þetta getur verið fyrir aðstandendur,“ hafði AP eftir Honea.

Lisa Jordan, viðmælandi AP frá Washington-ríki, sagðist hafa keyrt um þúsund kílómetra til að leita frænda síns, Nicks Clark, og MS-veikrar konu hans, Anne, í bænum Paradise.

Hún sagði engan hafa getað veitt upplýsingar um hvort þau hefðu náð að yfirgefa svæðið né um hvort húsið þeirra stæði enn. „En ég held í vonina. Alveg þangað til maður fær síðustu fréttirnar verður maður að halda áfram að berjast.“  
thorgnyr@frettabladid.is

## NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

### SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



**LAND ROVER Discovery 5 SE**  
Nýskr. 5/2017, ekinn 44 þús. km, dísil, sjálfskiptur.  
**Verð 10.590.000 kr.**  
Rnr. 145415.



**RANGE ROVER Sport HSE**  
Nýskr. 6/2017, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.  
**Verð 11.500.000 kr.**  
Rnr. 103773.



**RANGE ROVER Velar 3.0 SDV6 R-dynamic**  
Nýskr. 1/2018, ekinn 12 þús. km, dísil, sjálfskiptur.  
**Verð 14.890.000 kr.**  
Rnr. 103758.



**RANGE ROVER Vogue TDV6.**  
Nýskr. 5/2017, ekinn 45 þús. km, dísil, sjálfskiptur.  
**Verð 16.490.000 kr.**  
Rnr. 103811.



**LAND ROVER Discovery Sport S.**  
Nýskr. 3/2016, ekinn 60 þús. km, dísil, sjálfskiptur.  
**Verð 4.990.000 kr.**  
Rnr.145432.



**RANGE ROVER Evoque Autobiography**  
Nýskr. 1/2017, ekinn 21 þús. km, dísil, sjálfskiptur.  
**Verð 7.990.000 kr.**  
Rnr. 450002.



**LAND ROVER Discovery Sport SE.**  
Nýskr. 8/2016, ekinn 22 þús. km, dísil, sjálfskiptur.  
**Verð 6.290.000 kr.**  
Rnr. 103736.



**LAND ROVER Discovery 4 SE.**  
Nýskr. 5/2015, ekinn 103 þús. km, dísil, sjálfskiptur.  
**Verð 7.290.000 kr.**  
Rnr. 430014.

**APPROVED**  
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**  
Hesthálslí 6-8 / 110 Reykjavík  
525 6500 / jaguarlandrover.is

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation  
that excites

## BL HEFUR VERIÐ LEIÐANDI Í SÖLU RAFBÍLA SÍÐAN 2013



# VIÐ HÖFUM AFHENT EITT ÞÚSUND RAFBÍLA!

BL hefur verið leiðandi í sölu rafbíla allt frá því að fyrsti rafbíllinn var afhentur 12. júlí 2013. Hjá BL er að finna mesta úrval landsins af 100% rafdrifnum fólks- og sendibílum af ýmsum tegundum, stærðum og drægni sem er stöðugt að aukast. Verður næsti bíllinn þinn rafbíll?

Um leið og við þökkum rafmagnaðar viðtökur á liðnum árum, þá óskum við Guðjóni Hugberg Björnssyni til hamingju með þúsundasta rafbílinn sem við afhendum.



**WINNER**  
WORLD CAR AWARDS

2018 WORLD GREEN CAR

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL sölumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# Háskalegt tvíræði



Bróstur Ólafsson  
hagfræðingur

Þótt enn finnst einstaklingar sem hrista höfuðið í afneitun um ábyrgð mannskeppunnar á hlýnun jarðar þá minnir veðráttu og sífældar hamfarir á að veðurlagið breytist hratt. Takist okkur ekki að stemma tímanlega stigu við yfirvofandi vá, mun hluti jarðarinnar verða óbyggilegur. Með bráðnun íss á heimskautasvæðunum og þaraleiðandi hækkun sjávarmáls samfara ofþornun heimssvæða munu milljóónir flóttafólks leggja lönd undir fót í leit að lífvænlegum landsvæðum. Flóttafólk flykkist nú þegar norður á bóginn vegna þurrka bæði til Evrópu og BNA. Hermönnum á landmærum BNA verður skipað að beita skotvopnum til að stöðva för þessa órvæntingarfulla fólks, sem engu hefur að tapa nema lífinu.

Parísarsamkomulagið er sagt vera síðasta tækifærið til að afstýra hamförunum. Þótt málamiðlunin sem þjóðarleiðtogarnir sættust þar á, hafi ekki verið sérstaklega róttæk, þá er ljóst að árangurinn almennt er óburðugur. Vestræn neysluhyggja er í miklum landvinningum víða um heim. Fáir virðast reiðubúinir til að slaka á. Við Íslendingar höfum farið okkar fram án tillits til samkomumála og sáttmála. Við erum með áform um mikla aukningu nánast á öllum sviðum efnahagsumsvífa, fyrirætlanir sem munu enn auka á losun okkar. Það mun verða okkur dýrkeypt.

Engin þjóð í Evrópu losar hlutfallslega meira magn koltvísyrings út í andrúmsloftið en við. Flest öll athafnasvið okkar eru þar stórtæk. Undanskilin frá þessu er þó innlend orkuöflun. Stóriðjan, sjávarútvegurinn, landbúnaðurinn og ferðaíðnaðurinn eru allt atvinnugreinar sem losa mikinn koltvísyring. Þá losa flutningar í lofti og á legi ásamt stóriðju mikið. Þá má geta þess að gámatróll sjóflutninga eru sögð menga og losa meira en allur bílafloinn. Flugvélar eru heldur engin loft-hreinsunarverkfæri. Lífsmáti okkar er skaðlegur fyrir jörð, loft og lög. Langmest þekkt losun kolefnis hérlandis kemur frá þrennungi sjávarútvegi, landbúnaði og landnotkun.

Vegna þess hve árangur okkar er ófugsnuinn er áriðandi að forgangsraða aðgerðum rétt. Við þurfum að hefjast handa þar sem losunin er langmest. Banvænt er að slá hliðar-skildi um þau svið, þar sem yfirgnæfandi hluti losunarinnar á sér stað, þ.e. í landbúnaði ásamt landnotkun og sjávarútvegi. Langstærsti einstaki, þekkti orsakavaldur losunar koltvísyrings hérlandis kemur frá því sem kallað er landnotkun. Talið er að eyðiflákar, ofbeitt rýrt land og framræstar mýrar telji um ¾ hluta þeirrar losunar, sem við sem þjóð berum ábyrgð á. Aukin skógrækt þarf að ráðast á uppblásturs- og ofbeitar-svæði en láta gras- og kjarlendi sitja á hakanum. Landgræðslan verður að einhenda sér í eyðiflákana og setja verður tvífeldan kraft í endurheimt vöðlands. Aðeins vatn bindur losun.

## Allt í plati?

Ríkisstjórnin hefur nýlega greint frá áherslum sínum í loftslagsmálum. Þar er gert ráð fyrir að verja 6,8 milljörðum króna næstu sex árin, að jafnaði 1,3 milljörðum króna að jafnaði á ári eða tæpum 0,20% af ríkisútgjöldum. Þessi fjárupphæð er okkar framlag til þjórungar jörðinni frá því að verða nánast óbyggileg. Á sama tíma erum við að veita ótalda milljarða árlega til að offramleiða

lambakjöt til ríkisstyrks útflutnings! Það vekur athygli að samtímis þessum ágætu áformum fer íslenskur ráðherra alla leið til Kína til að fá þarlanda til að kaupa héðan lambakjöt. Ráðherra stundar þarna markaðsstarf til að hægt sé að halda áfram offramleiðslu á kjöti sem er mjög losunarrík starfsemi.

Kinverjar eru sniðugir. Þeir láta Suður-Ameríku og einstaka önnur lönd sjá sér fyrir kjöti, en framleiðsla þess er afar skaðleg vegna losunar



**Ekki bara framleiðsla kjötsins hér heima, heldur ekki síður kolsvart kolefnisspor flutninganna yfir meira en hálfan hnöttinn, gengur þvert á yfirlýsingar og skuldbindingar okkar.**

gróðurhúsalofttegunda og óhöflegar vatnsnotkunar. Jafnframt greindu fréttir frá því að tekist hefði að selja 500 tonn af lambakjöti til Indlands! Ekki bara framleiðsla kjötsins hér heima, heldur ekki síður kolsvart kolefnisspor flutninganna yfir meira en hálfan hnöttinn, gengur þvert á yfirlýsingar og skuldbindingar okkar í loftslagsmálum.

Hvers konar tvískinnungur og blekking eru hér á ferð. Er þetta kannski allt í plati? Er það virkilega

á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar að niðurgreiða framleiðslu og flutning lambakjöts alla leið til Austur-Astu, sem auka mun kolefnisspor okkar verulega á sama tíma og verið er eyða fjármunum í að binda losun hér heima? Á að standa þannig að málum að allir aðrir en stóriðja, sjávarútvegur og landbúnaður gangist undir skuldbindingar sem leiða eiga til minni losunar, meðan þeir sem bera stærsta ábyrgð á henni verða undanskildir, og það á umhverfisvakt VG?



## Veldu sterkan lífeyrissjóð og hlúðu að þínum farvegi

**BESTA  
LANGTÍMAÁVÖXTUN  
2018\***

Með því að greiða í traustan lífeyrissjóð leggur þú grunn að þinni framtíð.

SL lífeyrissjóður hefur náð einstökum árangri í langtímaávöxtun og fékk hann nýverið verðlaun hjá óháðum matsaðila fyrir hæstu ávöxtun sameignarsjóðs á 20 ára tímabili.\*

SL er sjálfstæður lífeyrissjóður og starfar ekki í tengslum við stéttarfélag. Sjóðurinn er opinur öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum.

\*Samkvæmt úttekt Verdicta



**SL lífeyrissjóður**

Borgartún 29 · 105 Reykjavík · Sími 510 7400 · www.sl.is

## Mikilvægur sigur hjá Stjörnunni



Elisabet Gunnarsdóttir vindur sér fram hjá Hrafnhildi Hönnu Þrastardóttur í fallbaráttuslag Stjörunnar og Selfoss í gærkvöldi. Stjörnan fór með sannfærandi sigur af hólmi og kom sér þar af leiðandi úr botnsæti deildarinnar, en Selfoss vermir þess í stað botnsæti. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

FULLVELDISHÁTÍÐ 1. DESEMBER 2018

## ÍSLENDINGASÖGUR SINFÓNÍSK SAGNASKEMMTUN

HÁTÍÐARVIÐBURÐUR Í ELDBORG HÖRPU

Sýning í tali og tónum, byggð á sögum Íslendinga fyrr og nú, ofin í myndrænan ljósagjörning.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis en boðsmíða má nálgast á vef Hörpu, harpa.is/fullveldi eða í síma 528 5050. 1000 miðar eru í boði og má hver skrá sig fyrir tveimur miðum.

Að sýningunni standa forsætisráðuneytið í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hörpu og RÚV.

Nánari upplýsingar á fullveldi1918.is og harpa.is



Helena á landsliðsæfingu í íþróttahúsi Fjölnis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Helena á heimleið

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir er á heimleið eftir stutt stopp hjá Ceglédi í Ungverjalandi.

„Því miður var þetta ekki nógu gott á staðnum sem ég var á og við erum að flytja heim. Ekkert af því sem var lofað stóðst,“ sagði Helena í samtali við Fréttablaðið eftir æfingu íslenska landsliðsins í gær. Fram undan eru leikur gegn Slóvakíu og Bosnía í undankeppni HM 2019.

„Ég vil ekki vera að drulla yfir þetta en það var einhvern veginn allt að, innan vallar sem utan; stjörnin, aðstaðan, aðgangur að sjúkrahjúfnum og læknum. Ef ég væri 22 ára og nýbyrjuð í bransanum hefði ég látið mig hafa þetta og klárað tímabilið. En ég er með mann og barn og mér finnst óþarfi

að við séum að yta okkur í gegnum eitthvað sem er ekki þess virði,“ sagði Helena.

Hún lék með Haukum á árunum 2015-18 og varð Íslandsmeistari með liðinu á síðasta tímabili. Helena segir óvíst hvar hún leikur í vetur, enda stutt síðan hún fékk sig lausa frá Ceglédi.

„Veit það ekki. Það kemur í ljós. Þetta gerðist bara á síðasta sólarhring. Þjálfarinn úti hætti og fékk að losa samninginn minn. Við ætlum bara að skoða þetta. Við höfum nokkra daga til að hugsa málið,“ sagði Helena sem er í sambúð með körfuboltamanninum Finni Atla Magnússyni. Hann lék með Haukum 2015-18 en fékk nýlega félagaskipti yfir í KR. –ÍÞS

## Nýjast

Olís-deild kvenna



## Stjarnan - Selfoss 25-21

**Stjarnan:** Þórey Anna Ásgeirsdóttir 7, Kristín Guðmundsdóttir 6, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 4, Elisabet Gunnarsdóttir 3.  
**Selfoss:** Kristrún Steinþórsdóttir 6, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir 4, Perla Ruth Albertsdóttir 3.

## KA/Pór - Haukar 27-29

**KA/Pór:** Katrín Vilhjálmssdóttir 6, Martha Hermansdóttir 6, Sólveig Lára Kristjánsdóttir 6.

**Haukar:** María Ines da Silva Pereira 9, Hekla Rún Ámundadóttir 4, Ragnheiður Ragnarsdóttir 4, Karen Helga Diönuðóttir 4, Turið Arge Samuelsen 3.

Efri	Neðri		
Valur	13	KA/Pór	8
ÍBV	13	HK	6
Haukar	12	Stjarnan	5
Fram	10	Selfoss	3



Rúrik Gíslason. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Sigur gæti skipt máli í drættinum

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu eigi ekki möguleika á að komast upp úr riðli sínum í A-deild þjóðadeildar UEFA getur sigur í lokaleik liðsins gegn Belgíu sem fram fer ytra annað kvöld skipt sköpum.

Með sigri gegn Belgíu á liðið enn möguleika á því að vera í einu af tíu efstu sætum A-deildar sem gefur sæti í efsta styrkleikaflokki þegar dregið verður úr riðla fyrir undankeppni EM 2020 í Dublin á Írlandi 2. desember næstkomandi.

Til þess að það gangi eftir þurfa úrslit í öðrum riðlum að vera hagstæð. Tölf lið eru í A-deild þjóðadeildarinnar, en Ísland er stigalaust fyrir lokaleik sinni í keppinni og Þýskaland, Króatía og Pólland eru öll með eitt stig fyrir lokaumferð riðlakeppinnar.

Íslenska liðið kom saman í Brussel á mánudaginn og er undirbúningur þess í fullum gangi. Æfingar liðsins á mánudaginn og í gær fóru fram á æfingavelli við hlið Koning Boudewijn Stadion, þjóðarleikvangs Belga. Æfing íslenska liðsins í kvöld og svo leikurinn sjálfur annað kvöld fara fram á þjóðarleikvanginum. Búist er við um 400 íslensku stuðningsmönnum á leikinn. –HÓ

## Solari semur til þriggja ára

**FÓTBOLTI** Argentínumaðurinn Santiago Solari hefur samið við Real Madrid um að vera aðalþjálfari karlalíðs félagsins í knattspyrnu næstu þrjú árin. Spænskir fjölmiðlar greindu frá því á mánudaginn að spænska félagið hefði ákveðið að Solari myndi stýra liðinu út yfirstandandi keppnistímabili.


Félagið sendi svo frá sér tilkynningu í gærkvöldi þar sem fram kemur að samið hafi verið við Solari til ársins 2021. Solari hefur verið við stjórnuvöllinn hjá Madridarliðinu síðan Julien Lopetegui var látinn taka pokann sinn um síðustu mánaðamót. –HÓ


# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 14. nóvember 2018

42. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



  
**ROLEX**  
OYSTER PERPETUAL  
DATE 34



  
**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - [www.michelsen.is](http://www.michelsen.is)

## Andri í skotlínu endurskoðenda



Aðaleigandi Primera-samstæðunnar hafnar því að ranglega hafi verið staðið að gerð ársreikninga félaga innan ferðabjónustusamstæðunnar. Endurskoðendur telja verulegan vafa leika á því hvort Primera Air hafi verið heimilt að innleysa hagnað vegna sölu á flugvélum sem eru enn í smíðum og til stóð að afhenda á næsta ári. » 8-9

NORDICPHOTOS/GETTY



### »2 Skuldabréfaeigendur WOW air fá 20 prósentu þóknun

Yfirtaka Icelandair Group á WOW air er háð því skilyrði að kaupréttir að hlutafé í síðarnefnda félaginu verði felldir niður. Í staðinn fá eigendur skuldabréfa WOW air aukagreiðslu.

### »4 Launaskrið mun brjótast fram í viðskiptahalla

Verði laun hækkuð umfram framleiðni og brjótist hækkunin hvorki fram í verðbólgu né atvinnuleysi má búast við miklum áhrifum á viðskiptajöfnuð samkvæmt nýrri skýrslu. Yrstu kröfur leiði til halla sem nemur yfir helmingi af landsframleiðslu.

### »14 Glasið hálfulle?

„Góðu fréttirnar eru þær að þrátt fyrir versnandi verðbólguhorfur til skemmi tíma virðast verðbólguvæntingar til lengri tíma vera stöðugar og lágar.“ segir Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri Sjóða hjá GAMMA, í aðsendri grein.

## Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500  
Optical Studio í Keflavík, 4213811  
Optical Studio í Leifstöð, 4250500



**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK





# BESTU LÚXUSJEPPARNIR ERU FRÁ VOLVO

## VOLVO XC60 AWD HEIMSBÍLL ÁRSINS 2018

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bill. Hann var valinn heimsbill ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti billinn hjá EURO NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi Íslenskra bílblaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna.

Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðafnum sem gera hverja ókuferð að einstakri upplifun.

XC60 AWD dísil verð frá: 7.290.000 kr.

XC60 AWD T8 tengivinn verð frá: 8.890.000 kr.

## VOLVO XC90 AWD MARGVERÐLAUNADUR LÚXUSJEPI

Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglast í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bill ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti billinn og öruggasti stóri jeppinn af EURO NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandarísku umferðaröryggisstofnuninni (IIHS).

Volvo XC90 AWD er skandinavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.

XC90 AWD T8 tengivinn verð frá: 10.190.000 kr.

## VOLVO XC40 AWD BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2018

Það eru breyttir tímar.

Meira er ekki lengur allt.

Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft. Engu er ofaukið. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bill ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjörnur í árekstrarprófunum EURO NCAP. Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.

XC40 AWD dísil verð frá: 6.290.000 kr.

XC40 AWD bensin verð frá: 6.690.000 kr.



MADE BY SWEDEN

Komdu og skoðaðu þessa frábæru verðlaunajepa  
í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bildshöfða 6



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bildshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

volvocars.is



# Viðskiptajöfnuður líði fyrir launaskrið

Verði laun hækkuð umfram framleiðni og brjótist hækkunin hvorki fram í verðbólgu né atvinnuleysi má búast við miklum áhrifum á viðskiptajöfnuð samkvæmt nýrri skýrslu. Ýrtrustu kröfur um launahækkunir leiði til halla sem nemur yfir helmingi af landsframleiðslu.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson  
tfh@frettabladid.is



### ■ Hvað gerir Anna?

Sýnidæmi um áhrif launahækkana á rekstur



Anna rekur lítið þjónustufyrirtæki.



Fyrirtækið þjónustar 4 þúsund viðskiptavinum á ári, meðalverð er 20 þúsund krónur og heildartekjur því 80 milljónir króna.



Kostnaður fyrirtækisins er 77 milljónir en þar af fara 30 milljónir í laun.



Hjá fyrirtækinu starfar Anna auk fjögurra starfsmanna. Meðallaun eru 500 þúsund krónur.

### Verkalýðsfélag starfsmanna semur um 25% launahækkunir

#### ■ Hækka verð

■ Ef hún hækkar verð um 10% kemst reksturinn í fyrra horf.

#### ■ Fækka starfsmönnum


■ Með því að fækka starfsmönnum um einn kemst reksturinn í fyrra horf.

#### ■ Lántaka


■ Hún getur tekið lán en það er ósjálfbært til lengri tíma lítið.

### ■ Rekstur fyrirtækisins fyrir og eftir launahækkunir

Fyrir launahækkunir



Eftir launahækkunir ef Anna aðhefst ekkert




Þá kemur fram í skýrslunni að ekki megi mikið út af bera. Í sviðsmynd þar sem framleiðni vex á svipuðum hraða til lengri tíma og ætla má, og laun allra hækka í samræmi við ýrtrustu kröfur verkalýðshreyfingarinnar sé niðurstaðan „fordæmalaus viðskiptahalli sem nemur meira en helmingi af landsframleiðslu eða um 1.548 milljörðum króna árið 2021 á verðlagi 2017 eða meira en tvöföldum gjalddeyrissforða Seðlabankans.“

**Launahlutfallið vel yfir meðaltali** Viðskiptaráð bendir á að verðmætasköpun í atvinnulífni, það er

viðisaukinn sem er til skiptanna í launa- og fjármagnskostnað, hafi aukist um 60 prósent frá árinu 2010 til 2017. Aukningin hafi gefið svigrúm til launahækkana og aukins fjármagnskostnaðar umfram það sem gengur og gerist.

„Á sama tíma jókst virðisaukinn í hlutfalli við tekjur, sem þýðir að fyrirtækin hafa nýtt betur hverja krónu sem kemur í kassann. Ekki er ábyrgt að gera ráð fyrir að þessi þróun muni halda áfram með sama hætti næstu árin,“ segir í skýrslunni. Viðskiptaráð bendir jafnframt á að nauðsynlegt sé að hafa þann fjölbreytileika í afkomu sem íslensk

### ■ Viðskiptajöfnuður 2021 – mismunandi forsendur



# 60%

er sú aukning í verðmætasköpun sem hefur átt sér stað frá árinu 2010 til 2017.

fyrirtæki búa við í huga og forðast skuli að líta á einstök jadardæmi í umræðunni. Sumar atvinnugreinar skili mun meiri hagnaði um þessar mundir en áður á meðan helmingur atvinnugreina skili hagnaði sem er 6 prósentur eða minna af tekjum.

Í skýrslunni er víkið að launahlutfallinu, það er hversu miklu er varið í launakostnað á móti fjármagnskostnaði, leigu, tekjuskatti og hagnaði. Hlutfallið er nú komið um 5 prósentustig yfir langtíma meðaltal sem, að mati Viðskiptaráðs, bendir sterklega til þess að svigrúm til launahækkana umfram það sem nemur verðmætasköpun í hagkerfinu sé lítið.

Árið 2016 var launahlutfallið á Íslandi það næsthæsta meðal OECD-riktja. OECD hefur ekki enn birt tölur fyrir Ísland árið 2017 en ef miðað er við tölur frá Hagstofnunni fyrir sama ár eru „allar líkur á því að það sé orðið það hæsta meðal OECD-riktja“.

„Íslensk fyrirtæki þurfa að greiða hærrí vexti en samkeppnisáðilar í helstu samanburðarlöndum sem ætti frekar að þýða að minna er til skiptanna í launagreiðslu og lægra launahlutfall. Því liggur í augum uppi að hækkun launahlutfalls gæti orðið skaðleg samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og þannig lífskjörum á Íslandi,“ segir í skýrslunni.

**Hærrí arðgreiðslur jákvæð þróun** Dregin er fram sú staðreynd að arðgreiðslur hafi aukist talsvert á síðustu árum, hraðar en launakostnaður, samfara aukinni verðmætasköpun. Arðgreiðslur utan fjármálaárians hafi til að mynda verið meiri árið 2017 en 2007. Þó beri að hafa í huga að launakostnaður sé enn sexfalt hærrí en arðgreiðslur. Þá séu arðgreiðslur jafn eðlilegar og að greiða vexti af íbúðaláni enda um fjármögnun að ræða í báðum tillutum.

„Aukning arðgreiðslna er að hluta afleiðing af meiri eiginfjárfarmögnun atvinnulífsins. Það er jákvætt því það bendir til þess að íslensk fyrirtæki séu ekki jafnskuldsett og áður og því betur í stakk búin til að takast á við sveiflur í hagkerfinu.“

**UBIQUITI NETWORKS**

**Alhliða netdreifibúnaður**

Netsvissar, Lagnaskápar, WiFi sendidiskur, -tengjum þig við framtíðina, þrálaus aðgangspunktur, AIR CUBE þrálaus net aðgangspunktur, ÖREIND, yfir 30 ára reynsla

Áubreyku 3, 200 Kópavogur - www.oreind.is / s. 5641860

## Hlutféð aukið með sameiningu félaga

Pálmar Hardarson, eigandi Þingvangs ehf., jók nýverið hlutféð verktakafyrirtækisins með sameiningu við þrjú önnur félög í hans eigu. Félögin sem um ræðir eru Þórsbygg ehf., mðurfélagið Eignasamsteypan ehf. og Marnes ehf. en með sameiningunni var hlutféð Þingvangs aukið úr 500 þúsund krónum í 9 milljónir að nafnvirði.

Í svari Þingvangs við fyrirspurn frá Markaðurinn kom ekki fram á hvaða gengi hlutfjárukningin fór fram né heldur hvers vegna ákveðið var að ráðast í hlutfjárukningu.

Markaðurinn greindi í haust frá helstu atvæðum í ársreikningi Þingvangs. Þingvangur átti eignir upp á 17,4 milljarða króna í lok síðasta árs borið saman við 13,4 milljarða eignir í lok árs 2016. Var eigið fé félagsins um 677 milljónir og eignfjárlutfallið því 3,9 prósent. Þá var handbært fé 61 milljón í árslok 2017. Félagið



Frá uppbyggingu Þingvangs á Hjólmalindarreitnum. FRÉTTABLAÐID/PIJETUR

hagnaðist um tæpar 92 milljónir króna í fyrra samanborið við 695 milljóna króna hagnað árið 2016.

Þingvangur hefur staðið í mikilli uppbyggingu á hinum svokallaða Hjólmalindarreit í miðbæ Reykjavíkur. Þar voru byggðir 10.500 fermetrar, þar af 10 íbúðir við Laugaveg

og 16 við Klapparstig auk skrifstofu- og verslunarhúsnæðis. Verktakafyrirtækið byggði einnig 141 íbúð á Grandavegi og lauk þeim framkvæmdum í ár. Þá standa yfir framkvæmdir á Brynjartreitnum sem er sameinuð lóð Hverfisgötu 40-44 og Laugavegs 27a-27b. -tfh

# FULLKOMIN JÓLAGJÖF FYRIR HVERN SEM ER

Óskaskrín er gjöfin sem höfðar til allra. Þú getur valið úr fjölmörgum upplifunum handa þeim sem þér þykir vænt um og fært þeim ógleymanlegar minningar um jólin.

Það er auðvelt að gleðja með Óskaskrín.



Sími 577 5600 | [info@oskaskrin.is](mailto:info@oskaskrin.is) | [oskaskrin.is](http://oskaskrin.is)



Óskaskrín

# Reisir 1,3 milljarða vinnslu í Rússlandi

Valka mun setja upp fullkornustu fiskvinnslu Rússlands. Ríkisstjórn landsins ákvað að taka 20 prósent aflaheimilda af öllum útgerðum og til þess að hvetja þær til tæknivæðingar fá þær útgerðir sem fjárfesta í nýjum skipum eða verksmíðjum að skipta þeim hluta á milli sín.

Helgi Vífill  
Júlíusson  
helgivilfill@frettabladid.is

Tæknifyrirtækið Valka hefur samið við rússnesku útgerðina Murman Seafood um uppsetningu á fullkornustu fiskvinnslu Rússlands, að sögn framkvæmdastjóra íslenska fyrirtækisins. Valka hefur yfirumsjón með heildarhönnun á verksmíðjunni en auk Völkú koma fleiri tækjaframleiðendur að uppsetningu vinnslunnar. Samningurinn hljóðar upp á um 1,3 milljarða króna.

„Um 80 prósent tækjabúnaðarins munu koma frá íslenskum fyrirtækjum,“ segir Helgi Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Völkú, í samtali við Markaðinn. „Íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi vinna mörg saman og styrkja hvert annað. Það er þessi klasahugsun sem er mjög til bóta,“ segir hann. Um fjórðungur tækjanna, þar á meðal beina- og bitaskurðarvél, munu koma frá Völkú en aðrir íslenskir birgjar eru meðal annars Skaginn3X, Velfag, Kapp og Slippurinn Akureyri.

## Rússnesk stjórnvöld skerast í leikinn

Að sögn Helga hafa rússnesk sjávarútvegsfyrirtæki verið nokkuð aftarlega í tæknimálum. Ríkisstjórnin brá því á það ráð að taka 20 prósent aflaheimilda af öllum útgerðum en þær sem fjárfesta í nýjum skipum eða verksmíðjum fá að skipta þeim hluta á milli sín. Hugmyndin sé að hvetja til þess að fyrirtækin tæknivæðist og skapi meiri verðmæti úr hráefninu.

Murman Seafood gerir út sex frystitogara og er eitt þeirra fyrirtækja sem fékk úthlutaðan viðbótarkvóta hjá rússneskum yfirvöldum gegn því að fjárfesta í landvinnslu. „Fram að þessu hefur hráefni útgerðarinnar að mestu leyti verið selt heilfryst en með þessari fjárfestingu getur fyrirtækið boðið upp á ferskar og frosnar hágæða vörur sem eru tilbúnað á neytendamarkað,“ segir Helgi.

## Meinað að selja matvæli til Rússlands

Vinnsluhúsið, sem á að vinna 50 tonn á hverjum degi, verður byggt frá grunni í borginni Kola í Murmansk. Verkefnið hefur verið í undirbúningi í rúmlega ár og er gangsetning áætluð síðla sumars 2019. Athygli vekur að Rússar hafa lagt viðskiptabann á íslensk matvæli



„Íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi vinna mörg saman og styrkja hvert annað,“ segir Helgi Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Völkú. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Veltan tvöfaldast í ár

Í ár stefnir í að velta Völkú nánast tvöfaldast og verði yfir tveir milljarðar króna. Á næsta ári er reiknað með 40 til 50 prósentu vexti. „Vöxtinn má að miklu leyti rekja til sölu til Samherja og Murman Seafood. Salan er alla jafna með þeim hætti að um er að ræða færri en stærri verkefni. Það getur verið krefjandi því það getur leitt til meiri sveifla í tekjum,“ segir Helgi. Fjöldi starfsmanna hjá Völkú hefur

tvöfaldast á tveimur árum og eru þeir nú tæplega 80.

„Við höfum haft hluthafa sem hafa búið til að styðja við fyrirtækið. Við höfum því getað fjárflegað reksturinn að mestu með hlutafé. Það hefur létt róðurinn enda eru vextir háir hér á landi,“ segir hann.

Á meðal stærstu hluthafa Völkú eru, auk Helga, Vogabakki, sem er í eigu Árna Haukssonar og Hall-

björns Karlssonar, og Fossar, sem er í eigu Sigurbjörns Þorkelssonar.

„Þetta er sterkur kjarni. Þeir eru félagar mínir úr verkfræðinni. Það skiptir sköpum að hafa þolinmóða hluthafa. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Frumtak hafa einnig fjárfest í fyrirtækinu en þeir seldu hlut sinn við upphaf árs að mestu til núverandi hluthafa. Nýsköpunarsjóðurinn hafði verið hluthafi í tíu ár og Frumtak í sjó ár.“

## Við höfum selt til um tíu landa en salan hefur að mestu leyti verið til íslenskra og norskra fyrirtækja.

frá árinu 2015 því að Ísland studdi refsiáðgerðir gagnvart landinu. Það hefur bitnað á íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Rússar innlimuðu Krimskaða sem tilheyrði Úkraínu í ríki sitt í umdeildum kosningum. En Rússar eru reibubúnir til að kaupa af Íslendingum tækni til að framleiða mat.

Um er að ræða næststærsta samning Völkú frá stofnun árið 2003. „Stærsti samningur fyrirtækisins var við Samherja í fyrra þegar samið var um stóra nýja fiskvinnslu á

Dalvík auk uppfærslu á vinnsluni hjá Útgerðarfélagi Akureyringa. Munurinn á samningunum er sá að í tilvikum Samherja komu öll tækin frá okkur en í Rússlandi höfum við yfirumsjón með heildarhönnuninni á vinnsluni og þórum líka saman tækni frá öðrum. Við höfum ekki unnið með þeim hætti áður en það gefur okkur tækifæri til að hafa meiri áhrif á heildarmyndina sem okkur þykir spennandi og við stefnum á að gera meira af í framtíðinni.“

## Um 80 prósent tækjabúnaðarins munu koma frá íslenskum fyrirtækjum.

## Aukin áhersla á Rússland

Þetta er í fyrsta skipti sem Valka selur til Rússlands. „Við höfum selt til um tíu landa en salan hefur að mestu leyti verið til íslenskra og norskra fyrirtækja. Við höfum frá upphafi sótt sjávarútvegssýninguna í Brussel og kynnst þar fyrirtækjum frá öllum heimshlutum. Við komumst hins vegar á kynni við forsvarsmenn Murman Seafood eftir ábendingu frá seljanda fiskafurða og hittum þá svo í markaðsferð til Rússlands á vegum Íslandsstofu. Í kjölfarið munum við leggja aukna áherslu á Rússlandsmarkað. Við höfum átt frábært samstarf við stjórnendur Murman Seafood og eykur það á bjartsýni okkar fyrir þennan markað.“

## Capacent metur virði Marels 40 prósentum yfir markaðsgengi

Verðmatsgengi Capacent er 40 prósentum hærra en markaðsgengi, eða 530 krónur á hlut, samkvæmt greiningu sem birtist á mánudag. Verðmatið er nær óbreytt í evrum talið frá síðasta mati en hækkar um nærri ellefu prósent í kjölfar tölfróða veikingar krónu.

Verðmat Capacent á Marel hækkaði mikið árið 2017 og hefur heldur hækkað á þessu ári. Hækkunina má rekja til stórbættis rekstrar, mikils tekjuvaxtar og kaupa á eigin brefum. Nú, eins og fyrr segir, skýrist hækkingunin af gengisfalli krónu. Fyrri hluta árs 2017 fylgdi markaðurinn hækkun verðmats Capacent frekar þétt eftir, segir í greiningunni, en frá miðju ári 2017 hefur munurinn á verðmati og markaðsgengi aukist jafn og þétt. „Þrátt fyrir góðan rekstur og bætta arðsemi í rekstri hefur gengi Marels

á markaði hækkað lítið síðastliðna 18 mánuði,“ segir Capacent.

Marel er orðið of stórt fyrir íslenskan verðbrefamarkað, segir í greiningunni. Gengið hafi verið nær óbreytt frá ársbyrjun þrátt fyrir góðan rekstur og hagstæðar verðkennitölur. „Markaðsvirði félagsins er margföld árleg fjárfestingargæta íslenskra lífeyrissjóða sem eru langstærstu fjárfestarnir á innlendum hlutabréfamarkaði. Það er ljóst að ákvörðun stjórnar félagsins um að skrá félagið í erlenda kauphöll er góð. Það er nauðsynlegt skref fyrir félagið og tímasetningin virðist vera góð,“ segir Capacent.

Marel stefnir á 12 prósentu meðalvöxt árlaga yfir tímabilið 2017-2026 með yfirtökum og innri vexti. Reiknað er með að markaðurinn vaxi um fjögur til sex prósent á næstu árum.



Arni Oddur Þórðarson er forstjóri Marels. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Greinandi Capacent veltir því fyrir sér hvort stjórnendur Marels ættu að setja í fyrsta sæti markmið um

arðsemi undirliggjandi rekstrar frekar en vöxt. Ljós sé að fyrirtækið þurfi að standa í miklum fyrirtækja-

## Markaðsvirði félagsins er margföld árleg fjárfestingargæta íslenskra lífeyrissjóða sem eru langstærstu fjárfestarnir á innlendum hlutabréfamarkaði.

Greining Capacent

kaupum ef þau markmið eigi að ná. „Yfirtökur eru kostnaðarsamar, draga tímabundið úr arðsemi og geta dregið athygli frá daglegum rekstri,“ segir í greiningunni. „Hvert brot úr prósentu í rekstrarhagnaðarhlutfalli eykur verðmæti undirliggjandi rekstrar mikið en hraður vöxtur getur bitnað á arðsemi sem hefði neikvæð áhrif á verðmæti félagsins.“  
helgivilfill@frettabladid.is




Opel Crossland X  
er öruggasti bíllinn árið 2017  
í sínum flokki, samkvæmt  
EURO NCAP.

**OPEL CROSSLAND X**

# FRAMÚRSKARANDI BÍLL Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI

Við eigum ennþá nokkur eintök af beinskiptum Opel Crossland X Enjoy á þessu ótrúlega verði. Opel Crossland X kemur þér hvert á land sem er, allt í senn rúmgóður, sparsamur og þægilegur.



Crossland X Enjoy  
Verð: 3.190.000 kr.

Tilboðsverð  
**2.890.000 kr.**



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel Crossland X og bókaðu  
reynsluakstur á [crossland.opel.is](http://crossland.opel.is)

Sýningarsalir  
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000  
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

Opnunartímar  
Virka daga 9-18  
Laugardaga 12-16

Bíllit  
**Benna**



Primera Air hætti í haust starfsemi eftir fjórtán ár í rekstri og var flugfélagið, ásamt dótturfélögum sínum í Danmörku og Lettlandi, í kjölfarið tekið til gjaldprotaskipta. Stjórnendur flugfélagsins sögðu að horfur á flugmarkaði hefðu farið hratt versnandi, með hækkandi olíuverði og lækkandi flugfargjöldum, og ekki hefði tekist að tryggja félaginu fjármögnun til langs tíma. NORDICPHOTOS/GETTY

# Draga í efa ársreikninga Primera Air

Aðaleigandi Primera-samstæðunnar vísar því á bug að ársreikningar félaga innan ferðaþjónustusamstæðunnar hafi farið í bága við lög og reglur. Endurskoðendur telja vafa leika á því hvort Primera Air hafi verið heimilt að innleysa hagnað vegna sölu á Boeing-flugvélum.

Hörður Egiðsson  
hordur@frettabladid.is  
Kristinn Ingi Jónsson  
kristinn@frettabla



Andri Már Ingólfsson, aðaleigandi Primera-samstæðunnar, hafnar því að ranglega hafi verið staðið að gerð ársreikninga félaga innan ferðaþjónustusamstæðunnar. Endurskoðendur félaganna hjá Deloitte segja víkjandi lán frá tengdum aðila sem Primera Air var veitt í fyrra upp á 20,9 milljónir evra, sem breytti neikvæðri eiginfjárstöðu félagsins í jákvæða um 4,6 milljónir evra í árslok 2017, flokkist sem eiginfjárgerningur samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum. Þá feli innlestur hagnaður á árinu 2017 upp á 13,3 milljónir evra vegna sölu á flugvélum, sem ekki var búið að afhenda, í sér breytingu á gangvirðismati þar sem um sé að ræða afleiðusamninga. Endurskoðendur sem hafa rýnt í ársreikninga félaga innan Primera-samstæðunnar telja verulegan vafa leika á því að ársreikningar tveggja félaga, Primera Air ehf. og Primera Travel Group ehf., fyrir síðasta ár séu í samræmi við lög, reglur og góða endurskoðunarvenju.

Endurskoðendurnir, sem ræddu við Markaðinn í trausti nafnleyndar, telja til að mynda vandséð að áður-nefnt víkjandi lán sem Primera Air var veitt í fyrra geti talist til eigin fjár félagsins en án lánsins hefði eigið fé þess verið neikvætt um 16,3 milljónir evra í lok síðasta árs.

Þá segja þeir vafa leika á því hvort félaginu hafi verið heimilt að innleysa á síðasta ári söluhagnað vegna

endursölu á Boeing-flugvélum sem eru enn í smíðum og verða afhentar í aprilmánuði árið 2019.

Til viðbótar er það mat viðmælenda Markaðarins að sterk rök hafi staðið til þess að færa niður, að hluta eða öllu leyti, milljóna evra kröfur Primera Travel Group á hendur systurfélaginu Primera Air og móðurfélagi þess síðarnefnda, PA Holding, í ljósi bágrar fjárhagsstöðu félaganna.

Rekstur Primera Air og erlendra dótturfélaga þess, Primera Air Nordic í Lettlandi og Primera Air Scandinavia í Danmörku, stöðvaðist sem kunnugt er í byrjun síðasta mánaðar þegar félögin voru tekin til gjaldprotaskipta.



Andri Már segir að þau áföll sem félagið hafi orðið fyrir síðasta sumar hafi verið gríðarleg, eins og fram hafi komið í fréttum. „Og þar sem ekki fékkst langtímafjármögnun fyrir félagið, sem maður sér nú með öðrum hætti eftir frekari fréttir úr flugheiminum, var ákveðið að stöðva rekstur félagsins frekar en að valda mögulega meira tjóni,“ segir hann.

## Neikvætt eigið fé árum saman

Eigið fé Primera Air hefur verið neikvætt svo árum skiptir en sem dæmi var það neikvætt um 22,1 milljón evra í lok árs 2015, en það ár tapaði félagið 12,6 milljónum evra, og neikvætt um 17,1 milljón evra í árslok 2016. Athygli vekur að þrátt fyrir langvarandi bágborna eiginfjárstöðu hafa endurskoðendur félagsins frá Deloitte engan fyrirvara gert um rekstrarhæfi þess í ársreikningunum.

Erfið staða flugfélagsins hefur verið mörgum ljós um nokkurt skeið og segja viðmælendur Markaðarins á fjármálamarkaði að gjaldprot félagsins hafi ekki komið eins og þruma úr

## Skipurit Primera-samstæðunnar fyrir í haust



## Þau áföll sem félagið varð fyrir um sumarið 2018 voru gríðarleg, eins og fram hefur komið í fréttum.

Andri Már Ingólfsson, aðaleigandi Primera-samstæðunnar



heisðskíru lofti. Vitað hafi verið að svona gæti farið. Ahyggjur af stöðu Primera Air mögnuðust á meðal fjárfesta og ekki sist lánardrottinsins, Arion banka, þegar skuldabréfaútböð WOW air stóð sem hæst í september síðastliðnum en óttast var að fall Primera Air gæti torvelað áform WOW air um að sækja sér aukðið fjármagn.

Andri Már er sagður hafa leitað fjármagns víða síðustu mánuðina áður en félag hans fór í þrot, án árangurs, og biðlaði hann meðal annars til íslenskra lánastofnana, lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta um að leggja félaginu til fé.

Sjálfur fullyrti Andri Már í samtali við Markaðinn 12. september síðastliðinn að Primera air væri að ljúka langtímafjármögnun upp á 40 milljónir evra, jafnvirði 5,5 milljarða króna, með skuldabréfaútböð auk fjármögnunar frá viðskiptabanka flugfélagsins. Þau áform gengu ekki eftir.

Primera Air og erlendu dótturfélögin tvö hættu starfsemi 2. október síðastliðinn og voru í kjölfarið tekin til gjaldprotaskipta. Arion banki þurfti að færa niður lán og greiða út ábyrgðir fyrir á bilinu alls

1,3 til 1,8 milljarða króna vegna gjaldprotans en óvist er hve miklar eignir munu finnast í þrotabúum félaganna. Skiptastjórnar danska félagsins hafa látið hafa eftir sér að þær séu óverulegar.

Andri Már segir að langstærstu kröfuhafar félagsins séu flugvélaeigendur, sem skili inn kröfum sínum að fullu út leigutímamann, en á móti komi að þeir hafi haft milljarða í tryggingar. „Þannig að það á eftir að koma í ljós hversu mikið tjón þeirra varð. Sumar vélar Primera Air eru nú þegar farnar að fljúga fyrir nýja aðila,“ segir hann og nefnir að það félag sem hafi orðið fyrir mestu tjóni af stöðvun flugfélagsins hafi verið Primera Travel Group.

## Óvæntur viðsúningur

Af ársreikningi Primera Air fyrir síðasta ár að dæma batnaði fjárhagsstaðan umtalsvert á árinu, miðað við fyrri ár, en til marks um það fór eiginfjárlutfallið frá því að vera neikvætt um 51 prósent í lok árs 2016 í það að vera jákvætt um 8,8 prósent í lok síðasta árs. Var eigið fé félagsins á sama tíma jákvætt um 4,6 milljónir evra.

Viðsúningurinn kom þeim sem þekjka vel til mála á flugmarkaði nokkuð á óvart enda var árfærð á markaðinum afar erfitt á árinu. Hærra olíuverð, legri flugfargjöld og aukinn launakostnaður bitnuðu á rekstri flugfélaga eins og rekstrar-tölur íslensku félaganna Icelandair Group og WOW air báru með sér. Hagnaður fyrrnefnda félagsins dróst saman um tæp 60 prósent á meðan síðarnefnda félagið tapaði um 2,4 milljörðum króna.

Af ársreikningi Primera Air má ráða að einkum tvö atriði, nýtt víkjandi lán og söluhagnaður vegna

# HEIMILIÐ

MÍÐVIKUDAGUR 14. NOVEMBER 2018

## Heimilið




Það er áskorun að vera með litla stofu en ýmislegt hægt að gera til að nýta hana betur og láta hana virka stærri. ➔4



„Við bjóðum upp á vörur frá fjölda vörumerkja en Zuiver og Dutchbone eru í sérstöku uppáhaldi hjá okkur. Þessi hollensku fyrirtæki eru fersk og djörf, þar að auki eru þau algjörlega með puttann á púlsinum þegar kemur að nýjungum,“ segir segir Hrunn Kristjánsdóttir, eigandi Línunnar. MYND/SIGTRYGGUR ARI

### Hair Volume

- fyrir líflegra hár!



# Fylgir nýjustu straumum og stefnum

Húsgagnaverslunin Línan hefur í rúma fjóra áratugi fylgt nýjustu straumum og stefnum og býður upp á gott úrval af nútímalegum og klassískum húsgögnum. Þessa dagana er verslunin að fyllast af gjafavöru fyrir jólin. ➔2



Djúpir litir og munstur einkenna vörulínuna frá Cozy Living þennan veturinn.



Ilmkertin frá VOLUSPA eru í sérflokkki þegar kemur að gæðum og fallegum umbúðum.

#### Framhald af forsiðu ➔

**H**úsgagnaverslunin Línán hefur verið starfrækt í 42 ár og hefur alla tíð fylgt nýjustu straumum og stefnum. Fyrir vikið hefur verslunin alltaf boðið upp á gott úrval af bæði nútímalegum húsgögnum en um leið líka klassískum tímalausum húsgögnum fyrir bæði heimili og fyrirtæki, segir Hrund Kristjánsdóttir, eigandi Línunnar. „Það er lyklatríði í rekstri okkar að fylgjast með tiskustraumum í innanhúshönnun og bjóða upp á vörur samkvæmt því. Það er okkur mikilvægt að viðskiptavinir okkar upplifi eitthvað nýtt og spennandi þegar þeir koma inn í verslunina. Við leggjum mikið upp úr fallegri framsetningu á vörunum og erum sífellt að breyta til þess að búðin sé ávallt spennandi og skemmtileg heim að sækja.“

#### Fersk og djörf merki

Línán býður upp á mörg spennandi vörumerki í ólíkum vöruflokkum, segir Hrund. „Við bjóðum upp á vörur frá fjölda vörumerkja en Zuiver og Dutchbone eru í sérstöku upphaldi hjá okkur. Þessi hollensku fyrirtæki eru fersk og djörf, þar að auki eru þau algjörlega með puttann á púlsinum þegar kemur að nýjungum. Vöruúrvalið er gríðarlega fjölbreytt hjá þeim og spannar allt frá gólfmottum upp í sófa. Það er hægt að innrétta heila íbúð með vörur frá þeim. Styrkleiki okkar

liggur í að þjónusta viðskiptavinum með sérskir en við tókum við og afgreiðum fjölda sérpantana í hverjum mánuði.“

#### Mikilvæg heimasíða

Fyrir verslun sem selur jafn fjölbreytt úrval í ólíkum vöruflokkum skiptir góður vefur miklu máli, að sögn Hrundar. „Heimasíðan okkar er mjög mikilvæg og við leggjum mikla vinnu í að halda henni uppfærðri. Vefverslunin er mikið notuð bæði til þess að panta vörur en ekki síður af viðskiptavinum sem eru að kynna sér vöruúrvalið. Vefverslunin nær því miður aldrei að vera tæmandi og því er vöruúrvalið meira en sýnilegt er á netinu.“

#### Góð þjónusta lyklatríði

Einn lykll að velgengi Línunnar í 42 ár er góð þjónusta. „Hún er algjört lyklatríði fyrir verslun okkar enda kappkostum við að veita góða og faglega þjónustu í hvert skipti sem viðskiptavinur leitar til okkar. Við aðstoðum viðskiptavinum oft með að setja saman heildarútlit á rýmið sem þeir eru að innrétta. Það er mjög misjafnt hversu mikla aðstoð viðskiptavinir okkar vilja og því er áriðandi að veita þjónustu eftir þörfum hvers og eins.“

#### Jólavörur í miklu úrvali

Það stýttist í adventuna og segir Hrund að Línán hafi líklegast aldrei boðið upp á jafn fjölbreytt úrval af gjafavörum eins og fyrir þessi jól. „Við erum í óðaönn að taka upp vörur og kom þeim fyrir þessa



Travis skenkurinn frá Zuiver ber sjarma sjöunda ára-tugarins.



Flauelssnagarnir frá Cozy Living eru fallegir á vegg.



Motturnar frá Dutchbone koma í miklu úrvali.

„Það er okkur mikilvægt að viðskiptavinir okkar upplifi eitthvað nýtt og spennandi þegar þeir koma inn í verslunina.“

dagana. Ilmkertin frá VOLUSPA spila þar stóra rullu ásamt vörum frá Cozy Living sem býður upp á dásamlega púða, teppi og margt fleira fallegt fyrir heimilið.“ Allar nánari upplýsingar má finna á [www.linan.is](http://www.linan.is).



Petito sófi frá Furninova klæddur í Emerald grænt flauelsáklæði.

ALLAR VÖRUR FÁST EINNIG Á  
[www.smartboutique.is](http://www.smartboutique.is)

Kringlan, 1. hæð, sími 551 1040

Smart Boutique



Kringlan • [www.smartboutique.is](http://www.smartboutique.is)

SENDUM FRÍTT  
Á NÆSTA PÓSTHÚS NÆRRI ÞÉR

Við erum flutt í stærstu og bestu  
verslunarmiðstöðina á Íslandi

Kringlan



Falleg Alaska gerfífeldshúfa  
og vandaðir leðurhanskar

Jólatilboð **11.900 kr.**

Fyrir herra og dömur  
Margir litir í boði



Refaskott og leðurhanskar

Jólatilboð **13.900 kr.**

Margir litir í boði



Falleg pásmina og  
leðurhanskar í stíl  
Óteljandi litir í boði

Jólatilboð **5.900 kr.**

Skinn kragar í miklu úrvali  
Gervi eða ekta þitt er valið

Verð frá **4.900 kr.**



Leðurhanskar með íslensku roði  
hannaðir af Smart boutique  
Einstakir hanskar gerðir úr allra  
besta fánlega leðri og roði

Verð frá **9.900 kr.**

Vönduð kanínuhúfa og  
leðurhanskar  
Fyrir Dömu og herra

Jólatilboð **16.900 kr.**

Margir litir í boði



Herra trefill og leðurhanskar.  
Jólagjöf sem slær alltaf í gegn

Jólatilboð **5.900 kr.**

Margir litir í boði  
Þetta tilboð seldist upp í fyrra !





# Láttu stofuna virka stærri

Stofan er einn helsti samkomu- og griðastaður heimilisins. Þar vilja flestir hafa það notalegt og geta tekið á móti gestum. Þeir sem búa við að vera með þrönga stofu ættu að líta á eftirfarandi ráð til að láta hana virka stærri og rúma fleiri.

## Hafðu kósi

Kósi er lykilorð þegar kemur að litlum rýmum. Hafðu lítið bíl á milli sófa og stóla og hlýlega stóra mottu undir. Ólíkt því sem margir kunna að halda lætur stór og jafnvel munstruð motta rýmið líta út fyrir að vera stærra.

## Ekki hræðast stór húsgögn

Mörg minni húsgögn geta gert rýmið kaotískt. Veldu frekar stærri en færri húsgögn.

## Fjárfestu í körfustól

Körfustólar sem eru hengdir í loft eru í tisku. Þeir henta sérstaklega vel í litilli stofu enda taka þeir ekkert gólfpláss. Þá er hægt að koma þeim fyrir úti í horni sem annars væri ónýtt.

## Hafðu sem mest hvítt

Veldu ljósa líti á gólf og veggi. Hafðu veggmyndir í hvítum rómum. Það er ótrúlegt hvað þetta blekkir augað og lætur rýmið líta út fyrir að vera stærra.

## Veldu léttar og ljósar gardínur

Það er mikilvægt að dagsbirtan komist vel inn í rýmið og gott að hafa gardínur í sama eða svipuðum lit og veggirnir í kring.

## Notaðu fótaskemla/pullur sem sófaborð

Skemillinn hefur margþætt notagildi og þannig nýttist rýmið betur. Hann má nota til að leggja frá sér bækur, matarilát, fjarstýringar og annað sem þarf að hafa við höndina í sófanum en líka til að vippra fótunum upp á og láta líða úr sér án þess að nokkur segi neitt við því.

## Vertu með tvö minni sófaborð í staðinn fyrir eitt stórt

Ef þú velur að hafa sófaborð er gott að hafa tvö litil og annað jafnvel lægra en hitt svo það raðist hálf-



Hafðu veggmyndir í hvítum rómum. Það blekkir augað og lætur rýmið líta út fyrir að vera stærra en það er.

vegis undir. Þannig er auðveldara að færa þau til og komast fram hjá. Eins er auðvelt að kippa þeim upp og nota annars staðar á heimilinu ef þarf.

## Notaðu veggljós í stað standeða borðlampa

Það sparar eðli málsins samkvæmt gólfpláss.

## Ekki raða öllu upp að vegg

Það kann að vera freistandi en með því að hafa til að mynda sófa og

setustofu úti á miðju gólfi skapast dýrmætt pláss fyrir aftan þar sem hægt er að koma fyrir borðstofuborði eða öðru slíku.

## Myndavegginn upp í loft

Ef þú ert með myndavegg skaltu byrja að raða myndunum alveg upp við loftið og vinna þig skipulega niður. Þannig virkar hærra til lofts. Það má líka blekkja augað með því að hafa sófa sem er stíllt upp við vegg með lágu baki. Einnig þannig virkar hærra til lofts.



Með því að nota skemil eins og sófaborð öðlast hann tvöfalt notagildi.

Því lægra sem sófabakið er, því hærra virðist til lofts.



Í litlum rýmum er mikilvægt að birtan komist inn. Gott er að velja ljósar og léttar gardínur í sama lit og veggirnir.

Ólíkt því sem margir kunna að halda gerir stór og munstruð motta það að verkum að rýmið virkar stærra.



## JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Kemur út þriðjudaginn 27. nóvember.

Skemmtilegt blað sem kemur inn á allar hliðar jólaundirbúningsins. Uppflettirit sem lesendur leita í aftur og aftur.

Viltu þú auglýsa í mest lesna jólablaði landsins?

Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins. Sími 550 5077 – serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

*Tól með*  
**Sissel**  
19. DESEMBER Í ELDBORG HÖRPU

  
VIKING  
BRUGGHÚS

ICELANDAIR 

SALA FER FRAM Á [HARPA.IS/SISSEL](http://HARPA.IS/SISSEL)  
NÁNAR UM TÓNLEIKANA Á [SENALIVE.IS/SISSEL](http://SENALIVE.IS/SISSEL)

  
Sena  
LIVE!

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allir virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Bílar til sölu



Volvo V60 D6 AWD Plug-In Affimikill, fjórhjóladrifin, lúxus Sænskur skutbíl 3.890.000 kr.



2017 Volvo S90 D5 AWD Inscription ekin 49þ. km. Einstaklega vel útbúinn, þeir verða ekki flottari en þetta! 6.790.000 kr.



2017 Audi A3 e-Tron (Hybrid) ekin 20þ. km. Premium útgáfan. Fer hratt á þessu verði. 3.599.000 kr.



Volvo XC60 D4 AWD Einn af vinsælustu jeppingum landsins, hringdu núna! 5.290.000 kr.

Betri bílakaup ehf.  
Sími: 511 2777  
www.betribilakaup.is

## BETRIBILASALAN.IS



2013 TOYOTA Yaris. Ekin 75.000 km, dísel, 6 girar. Frábær smábíll sem hefur reynst Íslendingum einstaklega vel. Verð 1.350.000 kr. Rnr.110213.



2014 MERCEDES-BENZ GLA 250 4x4 Urban Off-Road Panorama. Ekin 34.000 km, bensín, sjálfskiptur 7 girar. Ótrúlegt verð á eðal jeppling! Verð 4.350.000 kr. Rnr.150004.



2017 JEEP Grand Cherokee Limited AWD. Ekin 51.000 km, bensín, sjálfskiptur-9 girar. Jeppi er ekki jeppi nema á honum standi Jeep. Verð 7.990.000 kr. Rnr.150064.



2015 JAGUAR LAND ROVER Range Rover Sport 4x4. Ekin 70 þ.km, dísel, sjálfskiptur-8 girar. Alvöru jeppi með alvöru búnaði! Verð 10.900.000 kr. Rnr.150060.

Betri bílasalan  
Sími: 571 7166  
www.betribilasan.is

## Varahlutir

### VAKA

BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKURI!  
MIKID ÚRVÁL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA

Sími: 567 6700 | vakahf.is

### Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar

### Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfrói

Sími 564 0400  
www.bilaraf.is

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diskar og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

viðgerðir  
báttur eða nýja lækningarnir og heilbrigðisþjónusta

## Þjónusta

### Hreingerningar

### Hreingerningajónusta

Þvegillinn  
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á samngjömu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2950.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflutna. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingajónusta ehf.  
S. 893 6994

### k2

LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá standsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

NUDD  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trucka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranaþíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Avallt gott verð.**

Silfri ehf | S. 894 9690 | silfrieihf.is

### Spáðómar

SÁ SIMASPÁ Í 844 6845  
Spáir í spíl og bólla. Simaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

### Keypt & Selt

### Til sölu



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ APP

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

## VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Traust og fagleg starfsmannaveita sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

### HANDAFL

STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000

info@handafl.is | handafl.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

## Vandaðir krossar á leiði!

**JS LJÓSAÞJÓÐAN**  
Skeimuvogur 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóóljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf. Skeimuvogur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
Alla virka daga í verðslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

### Til bygginga

**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**  
Vatnslæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf. Oseyrarbraut 2 Hf, Upphl. hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**  
165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð loð, og greið aðkoma. Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Einstaklingsíbúð á Langholtsvegi til leigu. Laus strax. S. 888-2171

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**  
þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna óskast

**STARFSMENN til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma**

**PROVENTUS**  
Starfsmannabjónusta  
**551 5000**  
proventus@proventus.is  
Ármúla 15, 108 Reykjavík  
www.proventus.is

## Pú finnur draumastarfið á Job.is

Heilbrigðisþjónusta | lónaðarmenn

**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**

**Job.is**

## Gullsmári 10

201 Kópavogur

### OPÍÐ HÚS

miðvikudaginn 14. nóv. kl. 17.00 - 17.30

3ja herbergja íbúð á 6. hæð í lyftuhúsi. Eignin er 86,3 fm að stærð, tvö svefnherbergi. Svalir sem snúa til suðausturs með fallegu útsýni.

Nánari upplýsingar veitir: **Jason Ólafsson**, lögg. fasteignasali jassi@miklaborg.is sími: 775 1515

Verð: **42,9 millj.**

**MIKLABORG 569 7000** Lágmúla 4 [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jónsson Guðmundsson, löggjafir fasteignasalar  
- með þér alla leið -

## Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir viðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Capacent\_**  
capacent.is

**EIGNAMÍÐLUN** SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

**60** FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957

GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

**FULLFRÁGENGIN LÓÐ**

**ÚTSÝNI ÚR FLESTUM HÚSUNUM**

**FULLMÁLAD OG FRÁGENDIÐ RAFMAGN GÓLFHITI**

**OPÍÐ HÚS** MÍÐVIKUDAGINN 14. NÓVEMBER MILLI 17.00 - 17.30

## Sjafnarbrunnur 5 – 19

**NÝTT Í ÚLFARSÁRDAL – FJÖLSKYLDUVÆN HÚS**  
Mjög vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum í rísandi hverfi. Húsin eru frá 219,9 fm upp í 230,5 fm með innbyggðum bílskúr. Húsin skiptast m.a. í stofu, eldhús, þvottahús, fjögur svefnherbergi og tvö baðherbergi. Húsunum verður skilað fullbúnum að utan með hellulögðu bílplani en tilbúnum til innréttinga að innan.

**Verð frá 73,5 m. 3 hús seld**

**Daði Hafþórsson**  
löggjafir fasteignasali  
dadi@eignamidlun.is  
Sími 824 9096

**Þórarinn M. Friðgeirsson**  
löggjafir fasteignasali  
thorarinn@eignamidlun.is  
Sími 899 1882

## Tilkynningar

## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

## Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsmál:

**1. Endurskoðað Aðalskipulag Flóahrepps 2016-2028.**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum 7. nóvember 2018 tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Flóahrepps fyrir tímabilið 2016-2028. Tillagan var auglýst frá 18. apríl 2018 með athugasemdafrest til 31. maí 2018. Sveitarstjórnin samþykkti aðalskipulagið fyrst á fundi 4. júlí 2018 með nokkrum breytingum til að koma til móts við athugasemdir og ábendingar sem bárust á kynningartíma. Síðan þá hafa verið gerðar viðbóturbreytingar til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar og var tillagan endanlega samþykkt á fundi 7. nóvember 2018.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

**2. Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Uppbygging baðstaða, hótels og veitingastaða við Reykholt í Þjórsárdal.** Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. október 2018 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 vegna verslunar- og þjónustusvæðis í Reykholti, Þjórsárdal. Tillagan var auglýst þann 18. apríl 2018 með athugasemdafrest til 31. maí 2018. Athugasemdir bárust ásamt umsógnum og ábendingum sem brugðist hefur verið við. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni var deiliskipulagstillaga auglýst fyrir svæðið.

**3. Breyting á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytt landnotkun hluta svæðis F42 í landi Leynis.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. maí 2018 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 þar sem verið er að breyta 26 ha fristundasvæði í landi Leynis L207855 í landbúnaðarsvæði. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða þar sem hún er í samræmi við núverandi landnotkun svæðisins.

**4. Breyting á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Stækkun fristundasvæðis merkt F10 í landi Skálabrekkugötu 3 í Píngvallasveit.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. maí 2018 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 þar sem verið er að stækka fristundasvæði merkt F10 um 2 ha yfir svæði sem var landbúnaðarland. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða.

## Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

**5. Deiliskipulag fyrir Efra-Sel, ferðahjónusta. Hrunamannahreppi.**

Kynnt er tillaga að deiliskipulagi sem nær til 2,8 ha svæðis á Efra-Seli, sem afmarkast af landmörkum milli Syðra-Sels og Efra Sels til vesturs. Innan reitsins er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels en fyrir er golfskáli með veitingasal, tvær skemmur og fjögur íbúðarhús.

**6. Deiliskipulag fyrir Reykholt í Biskupstungum, Bláskógabyggð.**

Kynnt er endurskoðað deiliskipulag fyrir þéttbýli í Reykholti, Bláskógabyggð. Deiliskipulagið festir í sessi núverandi landnotkun á svæðinu og gerir ráð fyrir þéttingu byggðar þar sem því verður við komið. Markmið eru meðal annars þau að Reykholt verði áfram áhugaverður kostur fyrir búsetu og atvinnuuppbyggingu, að skapaðir verði möguleikar á þróun og vexti núverandi og nýrrar landbúnaðar-, þjónustu-, iðnaðar- og athafnastarfsemi auk þess að skipulagðar verði fjölbreyttar íbúðarlóðir sem nýtast til uppbyggingar næstu árin.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

**7. Deiliskipulag fyrir blandaða byggð á miðsvæði Flúða, Gróf og Laxárhlið, Hrunamannahreppi.**

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir lóðirnar Gróf og Laxárhlið sem eru á miðsvæði Flúða, reit merktum M2 í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. M2 er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði en einnig er gert ráð fyrir íbúðum. Markmið er að hefja uppbyggingu á blandaðri byggð þar sem gert er ráð fyrir íbúðarbyggð ásamt safna- og ferðatengdri starfsemi, hreinlegri atvinnustarfsemi o.s.frv. Byggðin er áætluð lágrest og gert er ráð fyrir 30-50 íbúðum í fjölbreyttu íbúðaformi. Gert er ráð fyrir göngubrú yfir Litlu-Laxá sem liggja mun að skóla og þjónustusvæði á Flúðum.

**8. Deiliskipulag fyrir bæjartofu Berghyls í Hrunamannahreppi.**

Auglýst er breytt tillaga að deiliskipulagi sem nær til bæjartofu Berghyls í Hrunamannahreppi. Er á deiliskipulaginu nú gert ráð fyrir allt að 4 húsum til gistingar hvert allt að 98m<sup>2</sup> að stærð auk lóða undir íbúðarhúsi, vélageymslu og gripahús

**9. Deiliskipulagsbreyting fyrir Ásgarð, Ásabraut 1-40 og Lokastíg 1-10, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem nær til Ásabrautar 1-40 og Lokastígs 1-10 í Ásgarði, Grímsnes- og Grafningshreppi. Með breytingunni er verið að hnitsetja allar lóðir og fá þannig fram raunstærð þeirra auk þess sem breyting verður á mörkum stakra lóða. Breytingin hefur verið grenndarkynnt og hefur verið brugðist við þeim athugasemdum sem bárust í kjölfar þeirra.

**10. Deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis fyrir hótél og baðlón á spíldu í landi Efrí-Reykja, Bláskógabyggð, ásamt umhverfisskýrslu.**

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis fyrir hótél og baðlón í landi Efrí-Reykja ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulagsvæðið er um 30 ha að stærð og afmarkast af Brúará til vesturs, Laugarvatnsveggi til norðurs og Reykjavegi til austurs. Er þar gert ráð fyrir uppbyggingu baðlóns ásamt tilheyrandi þjónustubyggingum auk allt að 100-200 herbergja hótels sem byggj verður í áföngum. Þá er einnig gert ráð fyrir byggingu húsánæðs fyrir starfsmenn. Hámarksbyggingarmagn hótels og þjónustubygginga er allt að 15.000 fm

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögnum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.utu.is>.

Skipulagstillaga nr. 5 - 6 er í kynningu frá 14. - 28. nóvember 2018 en tillögur nr. 7 - 10 eru auglýstar frá 14. nóvember til 29. desember 2018. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 5 - 6 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 28. nóvember 2018 en 29. desember 2018 fyrir tillögur nr. 7 - 10. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson  
Skipulagsfulltrúi  
runar@utu.is



## FISKISTOFA

Auglýsing  
eftir umsóknunum aflaheimildir fyrir opinber  
sjóstangaveiðimót, skv. 2. mgr. 6. gr.  
laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða

Auglýst er eftir umsóknun um vilyrði vegna aflaskráningar á opinberum sjóstangaveiðimótum sem áætlað er að halda á yfirstandandi fiskveiðarári, sbr. reglugerð nr. 295/2018 um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum.

Skilyrði þess að afli sem veiðist á opinberu sjóstanga-veiðimóti skráist ekki til aflamarks eða krókaaflamarks skíps er að vilyrði Fiskistofu vegna aflaskráningar hafi verið aflað.

## Umsóknarfræstir er til og með 1. desember nk.

Umsóknir ásamt fylgiskjöldum skulu berast Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði eða á netfangið fiskistofa@fiskistofa.is. Umsóknareyðublaðið má finna á heimasíðu Fiskistofu <http://www.fiskistofa.is/>.

Tillaga á deiliskipulagi fyrir  
Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði

Hreppsnæfnd Árneshrepps samþykkti þann 1. nóvember 2018 að auglýsa á nýju tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvalárvirkjun v/rannsókn skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem auglýsing um gildistöku birtist eftir tilskilin tíma skv. 2. mgr. 42 gr. laganna.

Deiliskipulagstillagan var áður auglýst frá 1. september til 16. október 2017 og samþykkt á fundi hreppsnæfndar þann 30. janúar 2018 með breytingum sem taka mið af umsógnun og athugasemdum. Skipulagsstofnun yfirfor deiliskipulagstillöguna í ágúst 2018 og á fundi þann 30. september 2018 samþykkti hreppsnæfnd lagfærða tillögu. Aðalskipulagsbreyting sama efnis tók gildi þann 10. júlí 2018.

Deiliskipulagstillagan er óbreytt frá samþykkt hreppsnæfndar þann 30. september 2018. Í tillögunni felst m.a.:

- Afmörkun tímabundinnar lóðar og byggingarreits fyrir starfsmannabúðir og vinnusvæði.
- Afmörkun og umfang efnistökusvæða.
- Vegir innan svæðisins og tenging við þjóðveg.

Skipulagsuppláttur og greinagerð ásamt umhverfisskýrslu liggur frammi á skrifstofu Árneshrepps í Norðurfirði frá 14. nóvember til og með 28. desember 2018. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins [www.arneshreppur.is](http://www.arneshreppur.is).

Fræstur til að skila athugasemdum er til og með 28. desember 2018. Athugasemdir skal skila skriflega á skrifstofu Árneshrepps í Kaupfélags húsinu í Norðurfirði eða á netfangið [odviti@arneshreppur.is](mailto:odviti@arneshreppur.is), merkt "deiliskipulag".

Árneshreppur 7. nóvember 2018  
Bogi Kristinnson Magnúsen  
Skipulags og byggingarfulltrúi

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR

intellecta

Boeing-flugvéla, hafi að stórum hluta skýrt bætt eiginfjárstöðu félagsins. Aðurnefnt vikjandi lán upp á 20,9 milljónir evra, sem systurfélagið Primera Travel Group veitti Primera Air í fyrra, var fært á meðal eigin fjár í síðasta ársreikningi Primera Air og skýrir þannig bætt eiginfjárstöðu félagsins á milli ára. Endurskoðendur sem hafa kynnt sér reikningskilin telja hins vegar að á meðan ekki liggi fyrir frekari upplýsingar sé vandséð að lánid geti talist til eigin fjár.

Þeir benda á að samkvæmt alþjóðlegum stöðlum sé eigið fé eða eiginfjárgerningur eftirstæðir hagsmunir í eignum þegar allar skuldir hafa verið dregnar frá. Þá megi ekki vera neinar skuldbindingar um að láta af hendi handbært fé eða aðrar fjäreignir. Ekki verði séð af ársreikningi Primera Air að félagið geti látið af hendi hlutfé til greiðslu skuldarinnar.

Í svari Deloitte við fyrirspurn Markaðarins er tekið fram að skilmálar umræddra lánasamninga séu þannig að undir alþjóðlegum reikningskilastöðlum flokkist þeir sem eiginfjárgerningur en ekki fjárskuld.

„Engin greiðsluskylda er til staðar í þessum samningum heldur eru skilmálarinn þeir að Primera Air getur ákveðið einhliða að greiða niður lánin ef fjárhagsstaða þess félags leyfir. Lánin eru vikjandi gagnvart öllum öðrum kröfum eða skuldum,“ segir í svari Deloitte.

Miðað við skilmálana sé ekki til staðar skylda hjá Primera Air til þess að „láta af hendi til annars aðila handbært fé eða aðra fjäreign þar sem skilmálar lánsins kveða á um að það sé algjörlega ákvörðun Primera Air hvort þeir greiði af láninu og af þeirri ástæðu eru lánin flokkuð sem eiginfjárgerningur,“ segir jafnframt í svarinu.

Er bætt við að til hafi staðið að breyta þessari skuld í eigin fé og Primera Travel Group myndi auka hlut sinn í flugfélaginu á þessu ári.

### Rekstur Primera Air í milljónum evra

	2015	2016	2017
Hagnaður/tap	-12,6	5,2	0,9
Eigið fé	-22,1	-17,1	4,6
Eiginfjárhluftall	-50,1%	-51,0%	8,90%

**21 milljónar evra vikjandi lán var talið til eigin fjár í bókum Primera Air í fyrra.**

**13 milljóna evra hagnaður var innleystur af sölu flugvéla í bókum Primera Air í fyrra.**

### Innleysti hagnað af vélasölu

Primera Air innleysti hagnað upp á 13,3 milljónir evra, jafnvirði ríflega 1,8 milljarða króna, í fyrra vegna sölu á flugvélum til erlenda leigufélagsins AGC PUMA PDP en vélarnar verða afhentar og teknar í notkun í apríl árið 2019. Í skýringum sem fylgja ársreikningi Primera Air er bent á að félagið hafi undirritað á síðasta ári samning við flugvélaframleiðandann Boeing um kaup á átta 737-9 MAX vélum til afhendingar á árunum 2019 til 2020. Í desember í fyrra hafi félagið síðan selt hluta af vélunum til erlends leigufélags og verði þær afhentar í apríl næstkomandi.

Viðmælendur Markaðarins benda á að meginreglan sé sú að ekki skuli tekjufæra hagnað af sölu eigna fyrr en eignirnar hafi verið afhentar. Þó sé ekki útilokað að umrædd tekjufærsla sé heimil, vegna möguleika

### Kynntu flugmálastjórnun rekstur flugfélaganna

Andri Már segir að fjármálastjóri og framkvæmdastjóri Primera Air hafi tvísvar til þrisvar á ári kynnt flugmálastjórnun rekstur dótturfélaganna tveggja í Danmörku og Lettlandi, áætlanir flugfélaganna, sjóðsstreymi og framtíðaruppbyggingu.

Félagið hafi verið með flugrekstrarleyfi í Danmörku í tíu ár og haft mjög gott orðspor.

Primera Air er ekki með flugrekstrarleyfi, enda er aðeins um eignarhaldsfélag að ræða, en dótturfélagin í Danmörku og Lettlandi eru hins vegar með slík leyfi í heimarikjum sínum.

Flugmálayfirvöldum í hverju Evrópuríki ber að hafa eftirlit með flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í viðkomandi ríki. Er gerð krafa um að flugrekendur uppfylli kröfur um fullnægjandi fjárhagsstöðu en til þess að geta

lagt mat á það ber flugrekendum að afhenda flugmálayfirvöldum ársreikninga og rekstrar- og efnahagsáætlanir á hverju ári. Fá yfirvöld nokkrar vikur til þess að fara yfir gögnin og gera sérstakt fjárhagsmat.

Hér á landi fylgist Samgöngu- stofa gaumgæfilega með fjárhagsstöðu þeirra félaga sem hafa íslenskt flugrekstrarleyfi, þar á meðal eiginfjárstöðu, lausafjárstöðu og aðgangi félagananna að fjármagni. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur endurskoðandi á vegum Samgöngustofu til að mynda fylgst afar vel með stöðu WOW air, nær dag frá degi, síðustu vikur og mánuði, fyrst þegar skuldabréfaútböð félagsins stóð sem hæst í september og aftur í aðdraganda þess að félagið hóf sameiningarviðræður við Icelandair Group fyrir í þessum mánuði.

á að skilgreina gerninga í viðskiptunum sem afleiðusamninga, en ekki sé hægt að skera úr um það af lestri ársreikningsins.

Þeir taka þó fram að ekki sé ólíklegt að afhending flugvélananna sé háð ymsum skilyrðum, þótt ekki sé minnst að það í ársreikningi Primera Air. Að því gefnu að óheimilt sé að innleysa söluhagnaðinn vegna flugvélananna megi ætla að eigið fé félagsins sé ofmetið um 10,6 milljónir evra, að teknu tilliti til tekjuskatts sem reiknaður hefur verið á móti meintum söluhagnaði.

Í svari Deloitte er bent á að þeir samningur sem gerður voru af hendi Primera Air um kaup og sölu á flugvélum innihaldi ákveðna rétti varandi afhendingu og verð vélanna sem reikningshaldslega sé farið með sem afleiður af þeirri ástæðu að endanlegt verð vélanna sé ekki fast

heldur breytilegt. Afleiðan sé – í samræmi við alþjóðlegan staðal – metin á gangvirði á reikningskiladegi og gangvirðisbreytingar séu færðar í gegnum rekstur.

Ekki sé um að ræða innleystar tekjur hjá félaginu, heldur „gangvirðisbreytingu afleiðu sem hefði tekið gangvirðisbreytingum fram að innlausnardegi miðað við viðeigandi útreikning á gangvirði hennar og breytingar á undirliggjandi forsendum,“ segir í svarinu.

### Telja eignir ofmetnar

Endurskoðendurnir sem Markaðurinn ræddi við vekja einnig athygli á því að systurfélagið Primera Travel Group, sem heldur utan um allan ferðaskrifstofurekstur Primera-samstaðunnar, hafi veitt Primera Air og PA Holding langtímalán að fjárhæð 26,6 milljónir evra.

Krafa ferðaskrifstofufélagsins á hendur PA Holding, móðurfélagi Primera Air, nam 8,5 milljónum evra í lok síðasta árs en eigið fé PA Holding var á sama tíma neikvætt um sömu fjárhæð auk þess sem það virðist hafa verið eignalaust. Að mati viðmælenda Markaðarins standa því rök til þess að krafan sé að fullu færri niður í bókum Primera Travel Group.

Því til viðbótar telja endurskoðendurnir að ástæða hafi verið til þess að færa niður 18,6 milljóna evra kröfu Primera Travel Group á hendur Primera Air, enda hafi legið fyrir um langt skeið hve bágborin eiginfjástaða Primera Air sé.

Því til svara útskýrir Andri Már að í lok síðasta árs hafi það verið mat stjórnmenda Primera Air að rekstur félagsins hafi verið góður og áætlanir hafi gert ráð fyrir aukningu í tekjum og hagnaði. „Ekki voru taldir vera til staðar tapsburðir sem gæfu til kynna að virðisrýmum hefði átt sér stað á þessum kröfum og af þeirri ástæðu voru þær ekki færðar niður í bókum félagsins,“ segir í svari Andra Mäs.

Ovarlegt er að fullyrða, að mati endurskoðendanna sem ræddu við Markaðinn, að áritunin á ársreikning Primera Travel Group sé röng. Annaðhvort hafi ábendingarnar átt að vera fleiri eða áritunin átt að vera með fyrirvara vegna þeirra ágalla sem séu á reikningnum. Í því sambandi benda þeir sérstaklega á að eignir séu verulega ofmetnar og langtímakröfur, svo sem á hendur Primera Air og PA Holding, ekki færðar niður.

Þess má geta að í kjölfar gjaldþrots Primera Air stofnaði Andri Már nýtt eignarhaldsfélag, Travelco, með milljarð króna í hlutfé og keypti allar ferðaskrifstofur Primera Travel Group. Voru kaupin sögð eiga að tryggja rekstur ferðaskrifstofanna og styrkja eigið fé félagsins eftir áföll haustsins.

# SKILTI FYRIR ÖLL TILEFNI



Fjölprent  
Norðlingabraut 14  
www.fjolprent.is  
Sími: 581 4141

Fjölprent kemur til móts við þá sem vilja einfalda pöntunarferlið og nýta sér Netið. Á vefsíðu Fjölprents geta viðskiptavinir því hannað og pantað vörur sjálfir. Fjölprent er eina fyrirtækið í sínum geira sem býður upp á slíka þjónustu.

# Netflix: Barátta Hollywood við algrím

Tveir heimar takast á innan Netflix. Annars vegar tækniarmur sem treystir á algrím til að taka veigamiklar ákvarðanir. Hins vegar Hollywood-svið sem þarf að mynda góð tengsl við stórstjórnur og framleiðendur.

**S**tjórnendum Netflix var vandi á höndum. Þeir treystu niðurstöðum algríms. En óttuðust að reita Jane Fonda til reiði.

Það kom í ljós þegar önnur syrpa af gamanþáttunum Grace and Frankie leit dagsins ljós árið 2016 að fleiri horfðu á þá þegar Fonda var ekki með á myndinni sem kynnti þáttinn í sjónvarpsforritinu. Leikkonan Lily Tomlin hafði meira aðráttarafl ein og sér. Þetta kemur fram í frétt The Wall Street Journal.

## Deilur innan veggja Netflix

Miklar deilur spruttu innan Netflix. Þeir sem stóðu fyrir framleiðslu þáttanna óttuðust að Fonda myndi bregðast illa við og að þetta gæti verið brot á samningi við hana. Sá vængur sem treysti algríminu sagði að það mætti ekki líta fram hjá gögnunum. Að lokum var ákveðið að birta myndir af Fonda í kynningarefniinu ásamt Tomlin. Hollywood-armur Netflix hrósaði sigri í þeirri baráttu.

Greiningarvinna er inngroin í starfshætti Netflix. Fyrirtækið ratar eftir gögnum til að átta sig á smekki áskrifenda og ákveða hvaða þætti eigi að veðja á og hvernig eigi að kynna þá. Eftir því sem fyrirtækið verður stórtækara í framleiðslu á Hollywood-efni þarf það að draga úr notkun á algrími og mæta óskum stórstjarna og annars hæfileikaríks fólks sem er annt um myndir sína. En það fer ekki alltaf saman, eins og tilviki Jane Fonda sýnir. Netflix mun í ár framleiða 700 nýja þætti og bíómyndir.

## Stjórnur fá gálgaferst

Sumir þættir, sem taka átti af dag-skrá vegna lélegs áhorfs, fengu gálgaferst vegna þess að stjórnendur Netflix vildu ekki að skuggi félli á samstarf við þekktu framleiðendur eða leikara. Stórstjórnur hafu samið um að þær þurfi að samþykka allt frá stuttu kynningarefni sem fer af stað þegar mús er rennt yfir mynd



Fleiri horfðu á gamanþáttaröðina Grace and Frankie á Netflix þegar Jane Fonda var ekki með á myndinni sem kynnti þáttina.. NORDICPHOTOS/GETTY



Þættirnir GLOW nutu ekki mikilla vinsælda á Netflix en hlutu lof gagnrýnenda. Tæknisvið Netflix vildi hætta framleiðslunni en starfsmenn í Hollywood sögðu að höfundurinn, Jenji Kohan, væri mikilvæg fyrir Netflix. NORDICPHOTOS/GETTY

í sjónvarpsforritinu í hvernig stiklurnar eru fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti.

Af þeim sökum hefur myndast spennna á milli þeirra starfsmanna Netflix sem eiga rætur að rekja til Kisildalsins og trúa heils hugar á greiningarvinnuna og kvikmyndafólksins í Los Angeles sem leggur áherslu á samvinnu við aðra. Josh Evans, fyrrverandi stjórnandi á tæknisviði hjá Netflix, segir að fylk-

» Eftir því sem Netflix verður stórtækara í framleiðslu á Hollywood-efni þarf það að draga úr notkun á algrími og mæta óskum stórstjarna og annars hæfileikaríks fólks sem er annt um myndir sína.

## Ólík sjónarmið um framtíð Netflix

Greinendur reikna með að Netflix muni fjárfesta fyrir um 12 milljarða dollara í gerð sjónvarpsþátta og kvikmynda. Fyrirtækið mun framleiða 700 nýja þætti og bíómyndir í ár. Sumir á tæknivæng Netflix spyrja sig hvort þættirnir séu of margir. Þeir óttast að notendum finnist tröllvaxið framboð af efni vera yfirþyrmandi.

Önnur spurning sem vaknar er hvort algrími eigi að hygla eigin efni Netflix eða ekki. Fylkingarnar tveir deildu um hvor leiðin yrði farin. Tæknisviðið talaði fyrir því að það yrði ekki gert á meðan starfsmenn í Hollywood sögðu að framtíð fyrirtækisins ylti á því að eigið efni myndi njóta vinsælda. Að lokum var ákveðið að mæla með sjónvarpsfni eftir áhorfi notenda en að kynna nýtt efni, sem er að mestu eigin efni, á góðum stað á aðalvalmynd sjónvarpsforritsins. Algrímið velur einnig eigið efni Netflix oftar sem hefst þegar þáttaröð er lokið.

ingunum takist að komast að samkomulagi.

Framleiðandinn Tom Nunan segir að það sé uppörvandi að heyrja að skiptar skoðanir séu um málið. „Það róar Hollywood að vita til þess að hjartað slái í þessu mikla veldi. Það eru takmörk fyrir því hvað algrím getur gert til þess að spá fyrir um framtíðina.“

## Ólík sjónarmið með GLOW

Annað dæmi um átök á milli fylkinganna tveggja er þegar kom að því að ákveða hvort ráðast ætti í gerð fleiri þáttaröða af GLOW, sem fjallaði um konur sem voru atvinnumenn í glímu á níunda áratugnum. Sá sem stóð að baki gerð þáttanna var Jenji Kohan, höfundur Orange Is the New Black, þátta sem njóta vinsælda og eru lyftistöng fyrir Netflix. Tæknigengið lagði til að þættirnir yrðu ekki fleiri vegna litils áhorfs. Hollywood-armurinn vildi halda þáttagerðinni áfram vegna þess hve mikilvæg Kohan væri fyrir Netflix og GLOW hefði fengið góða dóma. Kohan er sögð óánægð með að markaðssetning þáttanna hafi höfðað fremur til karlanna, á meðan þeir nái betur til kvenna.

helgivilif@frettabladid.is

## EPSON® Teikningaprentarar

EXCEED YOUR VISION

Fyrir arkitekta og verkfræðinga

### Ný kynslóð SureColor T

Hagstætt verð - frá kr. 189.000,-

Lægri rekstarkostnaður

Hagkvæm og umhverfisvæn prentun

Hraðvirkir - A1 allt að 22 sek.

Stór snertiskjár

Prenta á rúllur og arkir

Þráðlaus prentun - margir tengimöguleikar

Með eða án stands - fyrir borð eða á gólf

Vatnsþolið pigment-blek - meiri ljósfesta

**H. PÁLSSON**

Söluaðili EPSON stórformatsprentara



H. Pálsson - Gylfaflöt 24 - 112 Reykjavík - www.hpalsson.is Sími: 577 7777

Teikningaprentarar - Ljósmyndaprentarar - Skiltaprentarar - Limmiðaprentarar - Skrifstofuprentarar



Elliott segir að Hyundai sitji á of miklu fé sem skila eigi til hluthafa.

## Elliott kallar eftir breytingum hjá Hyundai

Vogunarsjóðurinn Elliott Management krefst þess að Hyundai Motors greiði fjárfestum átta milljarða punda og endurskoði allir einingar sem ekki heyrir undir kjarnastarfsemi. Á meðal tengdra fyrirtækja er bílaframleiðandinn Kia og varahlutasamstæðan Mobis.

Í bréfi til stjórnenda Hyundai, sem er næststærsta fyrirtæki Suður Kóreu, segir að fyrirtæki samstæðunnar séu alltof vel fjármögnuð og að arðsemi þessara þriggja fyrirtækja standist ekki samanburð við keppinautana. Bandaríski vogunarsjóðurinn, sem

upplýsti um eins milljarðs dollara stöðu í þessum tengdu fyrirtækjum, sagði að Hyundai Motors yrði að ráðast á yfirgrípsmikla endurskipulagningu til að takast á við vanda félagsins sem sýnr á fjármögnun og stjórnaðhættum sem leitt hafa til þess að hluthafar hafi ekki uppskorið jafn ríkulega og hluthafar í öðrum bílaframleiðendum.

Varahlutasamstæðan Hyundai Mobis á 21 prósent í bílaframleiðandanum Hyundai Motors, sem á 34 prósent í Kia. Kia á 17 prósent í Hyundai Mobis. - hvj

GRAL KYNNIR

# SVARTLYNG



ÞT. Mbl.



SJ. Frbl.

**SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR**  
eftir Guðmund Brynjólfsson

„Svartlyng er ein af þessum sýningum  
sem okkur bráðvantar“

HA. RÚV Menning

„Rammpólítískt ádeiliverk sem virkar“

ÞT. Mbl.

„Óborganlega fyndið og súrrealískt.“

HA. RÚV Menning

**TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI**

18. nóvember kl. 20:00

23. nóvember kl. 20:00

1. desember kl. 20:00

  
TJARNARBÍÓ

Miðasala á [tix.is](http://tix.is)



# Mikilvægt að fyrirtækið sé rétt stillt af

## Svipmynd

Hjalti Jónsson

**H**jalti Jónsson hefur verið framkvæmdastjóri Íslensku auglýsingastofunnar í níu ár en þar áður var hann markaðsstjóri stofunnar í sex ár. Hjalta segir að það sé sífelld áskorun að skapa og viðhalda umgjörð og fyrirtækjamöngun sem laðar að hæfileikaríkt fólk.

*Hver eru þin helstu áhugamál?*

Ég hef mikla ánægju af útivist og göngum um fjöll og firnindi. Þá hef ég stundað skíði frá barnsaldri. Sæki í laxveiði á sumrin og myndi sjálf-sagt teljast fristundagutlari í golfi þótt árangurinn láti eitthvað á sér standa. Ferðalög með fjölskyldunni skipa sinn sess, stundum á framanandi slóðir. Ég hef einnig mjög gaman af matargerð og eyði talsvernum tíma í eldhúsinu, sérstaklega um helgar.

*Hvernig er morgunrúttin?*

Ég vakna alla jafna rétt fyrir klukkan sjö á morgnana. Fyrsta stopp er kaffivélin. Drekk svona tvo til þrjú espresso-bolla til að koma mér í gang, fæ mér léttan morgunverð og fletti blóðunum. Tvo morgna í viku á ég svo stefnumót við einkaþjálfarann sem gerir sitt besta til að halda mér í þökkalegu standi. Þá hef ég verið svo heppinn að hafa félagsskap af krökkunum okkar í morgunumferðinni þar sem ég hef skuldað þeim í skólann á leið til vinnu í gegnum árin.

*Hvaða ráðstefnu eða fyrirlestur sástir þú síðast?*

Gallup stóð fyrir ráðstefnu í Hörpu nú í haust undir yfirskriftinni „Innsýn í framtíðina“. Þar var meðal annars áhugaverður fyrirlesari frá „Trend Watching“ sem veitti innsýn í lykil-trend komandi árs. Þá var einnig rynt í breytingar á viðhorfum, neyslu og hegðun



Hjalta segir umhverfið að auglýsingastofu fjölbreytt og krefjandi. Engir tveir dagar séu eins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### ●● Við höfum á undanförnum árum fundið mikið fyrir kostnaðarhækkunum vegna launaþróunar.

Íslendinga sem er auðvitað mikilvægt fyrir okkur að fylgjast með.

*Hver er bókin sem þú ert að lesa eða last síðast?*

Ofтар en ekki er ég með fleiri en eina bók í gangi. Núna er ég að lesa

bókina Factfulness: Ten Reasons We're Wrong About the World eftir Hans Rosling. Ekki laust við að hún fylli mann órlitilli bjartsýni og trú á mannkynið og framtíðina. Þá er ég líka að glugga í bókina The Churchill Factor sem er listavel skrifuð af Boris Johnson.

*Hvað er það skemmtilegasta starfið?*

Umhverfið að auglýsingastofu er hratt, fjölbreytt og krefjandi og segja má að engir tveir dagar séu eins. Það eru forréttindi að fá að vinna með kláru og skemmtilegu fólki í skipandi umhverfi. Starfinu fylgja mikil persónuleg samskipti og það er gaman að takast á við að leysa úr

ólikum viðfangsefnum og vandamálum með okkar viðskiptavinum.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Að skapa og viðhalda umgjörð og fyrirtækjamöngun sem laðar að hæfileikaríkt fólk og nær þetta skipandi umhverfi er sífelld áskorun. Þetta snýst allt um fólk. Þá er mikilvægt að fylgjast vel með þróun og breytingum í ytra umhverfinu.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?*

Við höfum á undanförnum árum fundið mikið fyrir kostnaðarhækkunum vegna launaþróunar. Þetta er sá kostnaðarliður sem vegur langþýngst í rekstrinum. Það er því

### Helstu dráttir

- Nám:**
- MBA frá Northwestern University, Kellogg School of Management, með áherslu á stjórnum og stefnumótun, markaðsmál og fjármál.
  - B.Sc. frá Florida International University með áherslu á markaðsmál og alþjóðaviðskipti.
- Störf:**
- Framkvæmdastjóri Íslensku auglýsingastofunnar frá 2009.
  - Markaðsstjóri Íslensku auglýsingastofunnar 2003-2009.
  - Framkvæmdastjóri Útgáfufélags DV 2001-2003.
  - Markaðsstjóri Nóa Sírius 1996-2001.

**Fjölskylduhagir:**

Er giftur Jóhönnu Andreu Guðmundsdóttur lífeindafræðingi. Eignum þrjú börn á aldrinum 17-29 ára, þau Jón Andra, Svölu Rakel og Hjalta Dag. Fyrsta barnabarnið, Tómas Ingi, fæddist svo í vor.

mikilvægt að vera með fyrirtækið rétt stillt af til að mæta þörfum okkar viðskiptavina en á sama tíma að vera ekki með mikla umframgetu í húsinu. Þetta getur reynst snúin.

*Hvaða breytingar séru fyrir þér í rekstrarumhverfinu á komandi árum?*

Ör og miklar tækni-breytingar hafa á stuttum tíma haft í för með sér umtalsverðar breytingar á lífsstíl og neyslubáttum folks. Nýir keppinautar eru að koma inn á markaðinn og samkeppnin mun harðna. Þeim sem ná að vinna vel með tækni, úrvinnslu gagna og greiningu og samþætta við skipandi markaðsetningu mun farnast vel.

## Matarhegðun Íslendinga – hvað hefur breyst?



**Friðrik Björnsson**  
viðskiptastjóri  
Gallup



**Kolbrún Sveinsdóttir**  
sérfærðingur  
hjá Matis

meðal annars sjá að hlutfall þeirra sem segjast yfirléitt ekki hafa tíma til að elda hefur minnkað úr 28% árið 2008 í 21% árið 2018, sem kann að vera á skjón við umræðu um sífellda hraðaukningu í íslensku þjóðfélagi. Niðurstöður kannana ber þó ávallt að túlka í samhengi við umhverfið á þeim tíma sem könnunin er gerð. Hraði í íslensku þjóðfélagi er vitaskuld ekki að minnka, en framboð lausna sem auðvelda matseld fyrir fólk hefur aukist. Til að mynda hefur sala tilbúinna rétta í matvöruverslunum margfaldast á undanförnum árum, matvöruverslanir raða saman stöðvörum til að hjálpa viðskiptavinum að fá hugmyndir að máltíðum sem auðvelt er að elda og segja má að nýjasta nýtt séu svokallaðir matarpakkar, þar sem hraefni í ákveðna uppskrift hefur verið forunnin til að auðvelda neytendum matseldina. Til viðbótar hefur aðgengi að upplýsingum tekið miklum framförum með snjallsímum sem gefa fólki kost á að sækja nær hvaða upplýsingar sem er, hvenær sem er og því er til að mynda auðvelt að finna uppskriftir og upplýsingar um næringargildi og hollustu.

### Áhugi á hollustu?

Áhugavert er að sjá að hlutfall Íslendinga sem hafa áhuga á næringarmálum og hollustu er engu hærra en það var fyrir tíu árum. Nú árið 2018 segjast 33% Íslendinga hafa mikinn áhuga á næringarmálum og hollustu, sem er sama hlutfall og árið 2008. Því er ekki að sjá að áhugi á næringarmálum og hollustu hafi

### ●● Áhugavert er að sjá að hlutfall Íslendinga sem hafa áhuga á næringarmálum og hollustu er engu hærra en það var fyrir tíu árum.

aukist með snjallsímavæðingunni og meðfylgjandi vexti í upplýsingaframboði. Meðfram snjallsímavæðingunni má þó segja að Íslendingar hafi orðið samfélagsmiðlævaðir. Í ár nota 94% Íslendinga Facebook er fyrir áratug samanstóð notendahópurinn einungis af litlum hópi nýjungagarnra Íslendinga. Því hafa samfélagsmiðlar veitt færi á nýjum leiðum til að koma skilaboðum á framfæri við mjög marga með litlum tilkostnaði, sem er á flestan hátt jákvætt fyrir neytendur. Þó er á sama tíma auðveldara að koma á framfæri röngum upplýsingum, enda hafa villandi upplýsingar um næringarmál og hollustu dunið á neytendum á undanförnum árum.

Í þessu samhengi má t.d. benda á stimpulum kokosolíu sem hollustu-vör, með staðhæfingum um ýmsa jákvæða virkni. Hins vegar herma nýjstu rannsóknir að kokosolía sé ekki sú ofurfæða sem mörgum neytendum var talin trú um. Kokosolíu, eða réttara sagt kokosfeiti (þar sem varan er á föstu formi við herbergishita), ætti þvert á móti að nota hóflega þar sem hún inniheldur mjög

hátt hlutfall mettaðrar fitu, en of hátt hlutfall mettaðrar fitu í fæðu getur auknið hættu á hjarta- og æðasjúkdómum. Því er almennt ráðlagt að skipta úr hluta af mettaðri fitu fyrir hollari fitu, sér í lagi fjölmættaða fitu sem meðal annars má fá úr feittum fiski, lárperum og hnetum, til að minnka líkur á hjarta- og æðasjúkdómum.

Þrátt fyrir að áhugi á næringarmálum og hollustu sé ekki meiri nú en árið 2008 eru vísibendingar um að neytendur í hollustuhugleiðingum séu að færast frá því að telja kalóríur og kjósi heldur að forðast ákveðnar fæðutegundir. Til að mynda lækkaði hlutfall þeirra sem sögðust alltaf hugga um kalóríufjöldann í matnum sem þeir borða úr 33% árið 2008 í 20% árið 2018. Á sama tíma hefur ýmiss konar mataræði sem felst í því að útiloka fæðutegundir náð föfustu og má sem dæmi nefna paleó, vegan, lágkolvatnamataræði og ketó. Í sumum tilvikum liggja þægindasjónarmið að baki þar sem erfiðara og tímafrekara getur verið að telja kalóríur heldur en einfaldlega að sleppa því að borða ákveðnar fæðutegundir. Í öðrum tilfellum eru þá umhverfis- og/eda dýravelferðasjónarmið sem stýra vali folks, eins og oft er í mataræði grænmetisæta og þeirra sem aðhyllast vegan lífstíl.

Meðfram þessum breytingum hefur fjöldi þeirra sem lesa innihaldslýsingar á matvöru til að sjá hvaða aukefni er í henni aukist úr 48% árið 2008 í 65% árið 2018, en rannsóknir hafa sýnt að algengt er að neytendur forðist matvörur

þar sem aukefni, öðru nafni E-efni, koma fram í innihaldslýsingunni, með þó fyrir augum að þau séu öll óholl. Sannleikurinn er þó sá að E-efni eru sett í matvörur til að bæta t.d. gæði og öryggi þeirra. Þau efnis sem flokkast til E-efna hafa verið mikið rannsókuð með tilliti til áhrifa á heilsu og notkun þeirra ekki leyfð nema sannarlega hafi verið sýnt fram á skaðleysi þeirra. Strangar reglur gilda um í hvaða matvélum þau eru leyfð og í hvaða magni. E-efni hafa ólíka virkni og eru til dæmis stundum notuð sem bragðefni og þrávarnarefni. Dæmi um þrávarnarefni eru C-vítamín (askorbínsýra, E 300) og E-vítamín (tókóferól, E 306), sem bæði eru líkamanum nauðsynleg.

### Timar breytinga

Breytingar á viðhorfum og matarhegðun neytenda leiða af sér fjölbreyttar áskoranir og tækifæri fyrir fyrirtæki í sölu og framleiðslu matvæla og þurfa jafnvel ekki alltaf að snerta matvöruna sjálf, heldur hafa breytingar á áhuga neytenda á ýms konar upplýsingum um neyslulíkur mikil áhrif á matvæla-markað. Til dæmis hefur hlutfall þeirra sem hafa mikinn áhuga á umhverfismálum aukist úr 25% árið 2008 í 36% árið 2018, sem hefur auknið eftirspurn eftir lífrænum matvælum, vörum með lægra kolefnisfótspor og matvörum í umhverfissvænni umbúðum. Til viðbótar kemur sú áskorun að útskýra ágæti vörunnar fyrir neytendum, sem getur verið hægara sagt en gert í upplýsingafloði nútímans.

**Enginn tími til að elda?**

Neyslu- og lífsstílskönnun Gallup gefur mikla innsýn í viðhorf og kauphegðun Íslendinga, meðal annars þegar kemur að mat. Þar má

% 8.535

% 1.3323


% 8.535

# MARKADURINN.IS

## NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ

% 1.3323

% 8.535



% 9.42

% 8.535

535

- INNLENDAR OG ERLENDAR VIPSKIPTAFRÉTTIR
  - GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIÐLA
  - ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
  - HVÆÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ

## Skotsilfur



## Leituðu til Logos og Deloitte

Pess er beðið með mikilli eftirvæntingu að niðurstöður áreiðanleikakönnunar vegna yfirtöku Icelandair Group á WOW air liggja fyrir enda mun könnunin leiða í ljós hve stóran hlut **Skúli Mogensen** eignast í sameinuðu félagi. Vinna við könnunina er í fullum gangi en ráðgjafaryfirtekið Deloitte og lögmansstofan Logos munu hafa verið fengin til þess að annast hana. Eru vonir bundnar við að vinnunni ljúki sem allra fyrst en niðurstaða hennar mun ráða miklu um hvort kaupin ná fram að ganga.



## Sterkir hluthafar

Það er ekki ósögum sagt að hluthafahópur Íslenskrar orkumíðlunar, sem Magnús Júlíusson verkfræðingur og **Bjarni Ármannsson** fjárfestir stofnuðu í fyrra, hafi styrkt svo um munar fyrr á árinu. Magnús upplýsti í viðtali í Viðskiptamogganum fyrr í mánuðinum um að Kaupfélag Skagfirðinga og Ís félag Vestmannaeyja hefðu lagt orku-fyrirtækinu til aukilí hlutfá. Félagið, sem var það fyrsta til þess að fá leyfi Orkustofnunar til að stunda raforkuvíðskipti eftir að samkeppni um raforkusölu var bundin í lög, ætti þannig að hafa nægilegt bolmagn til að láta til sín taka á komandi árum.



## Tvískinnungur

Gagnrýni **Hildar Björnsdóttur**, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmanns í Orkuveitu Reykjavíkur, á arðgreiðslur Orkuveitunnar á síðasta ári vakti hörð viðbrögð. Þannig stíga meðal annars tveir stjórnarmenn fram og báru í bætifláka fyrir arðgreiðslurnar við góðar undirtektir borgarstjórnarmeirihlutans og fylgjenda hans. Sagði stjórnarformaðurinn til að myndi að arðgreiðslur væru eðlilegar þáttur í útgjöldum Orkuveitunnar. Í umræðunni vakti það óneitanlega athygli að þeir sömu og telja í góðu lagi að Orkuveitan greiði arð bregðast margir hverjir ókvæða við þegar einkafyrirtæki gera hið sama. Tvískinnungurinn er stundum æpandi.



## Seldu fyrir milljarð dala á 85 sekúndum



Starfsmenn kínverska póstsins höfðu í nógu að snúast síðastliðinn sunnudag, hinn alþjóðlega söluðag netverslana og dag einhleypra. Söluþetta var þá til dæmis setti í netverslunum Alibaba þegar verslað var fyrir samtals einn milljarð dala, jafnvirði um 124 milljarða króna, á fyrstu 85 sekúndum dagsins. Á fyrstu klukkustund dagsins var þannig verslað fyrir alls tæplega tíu milljarða dala í netverslunum félagsins. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tíðindaríkir haustmánuðir



**Agnar Tómas Möller**  
frankvæmdastjóri  
Sjóða hjá GAMMA

við útlönd og að ekki sé lengur hætta á ofrisi krónunnar. Reyndar hefur alger skortur á erlendum fjárfestingum ytt undir fall krónunnar undanfarnar misseri þegar innlendir fjárfestar streymdu út með fé sitt gegnum hinn nærfurpunna íslenska gjaldeyrismarkað – Seðlabankinn bendir einmitt á fjármagnsstreymi sem ástæðu veikingar krónunnar í nýjstu Peningamálum sínum. Þá er athyglisvert að þrátt fyrir samanlagt tugi prósentna verðfall skuldabréfa og veikingu krónunnar þá virðist sem þeir erlendu fjárfestar sem fjárfesta hafa undanfarnar ár í löngum ríkisbréfum hafi ekki að neinu markverðu leyti selt úr stöðum sínum. Hinir kviku fjárfestar virðast því eftir allt saman ekki vera eins kvikir og Seðlabankinn hefur haft áhyggjur af.



Ó hætt er að segja að haustið hafi farið af stað með láttum í efnahagslegu tilliti. Frá byrjun september hefur krónan gefið eftir um nær 12%, WOW air horfði fram af bjargbrún og Seðlabankinn lækkaði bindiskilyðu á fjárfestremistæki sínu og hækkaði stýrivexti úr 4,25% í 4,50%. Hafði bankinn þá ekki hreyft við fjárfestremistækinu frá því hann setti það á sumarið 2016 og stýrivextir bankans hækkuðu á ný eftir þriggja ára hlé.

Breyting á bindiskilyðu fjárfestremistækisins, eða „innflæðishóftunum“ svokölluðu, var gleðiefni enda löngu tímabær. Þótt áhrif breytinganna verði líklega litil meðan bindingin sjálf er virk stytting vónandi í að bindingin verði með öllu afnumin. Rökstúningur bankans fyrir breytingunni er minnkandi vaxtamunur

bitur, er meira en yfirdrifið nóg. Fastir verðtryggðir húsnæðisvextir til heimila hjá lífeyrissjóðum og bónum eru á bilinu 3,5-3,8%, fastir óverðtryggðir húsnæðisvextir munu að óbreyttu fara yfir 7% miðað við lánskjör bankanna á skuldabréfmarkaði. Við það bætist aðhald sem kemur í gegnum hin ýmsu þjóðhagsvaruðartæki bankans sem eru virk í dag.

## Glasið hálfult?

Góðu fréttirnar eru þær að þrátt fyrir versnandi verðbólguhorfur til skemmri tíma virðast verðbólguvæntingar til lengri tíma vera stöðugar og lágar. Í könnun Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila (hæsta svarhlutfall könnunarinnar frá upphafi, 93%) kemur fram að væntingar eru um að verðbólga verði 3,6% á jafnaði næstu 2 árin, 3,0% næstu 5 ár og 2,9% næstu 10 ár. Það þýðir að væntingar eru um að verðbólga fari hratt niður í markmið eftir 2 ár og verði um 2,6% næstu 3 ár á eftir, og eftir 5 ár verði hún að jafnaði 2,8%. Þessar væntingar eru nálægt sínum lægstu gildum frá upphafi mælinga. Þá hefur verðbólguálag á skuldabréfamarkaði snarlegað undanfarnar tveir vikur, eða úr 4,5% í um 4,0% í dag. Margt spilar þar inn í en ljóst er að lækkunin er samband

af lækkun verðbólguvæntinga og óvissuálags, auk jákvæðra framboðsáhrifa þar sem Lánasýsla ríkisins hefur ekki gefið út óverðtryggð ríkisbréf í 7 vikur, eftir að hafa beinlínis drekkt skuldabréfamarkaðnum undanfarnar tvö ár með linnulausri útgáfu þeirra.

Blikur eru á lofti í íslensku efnahagslífi og vísendingar þess efnis að hagkerfið sé að kolna hraðar en spár höfðu gert ráð fyrir. Innflæðishóftin hafa stuðlað að fjármagnsskortri í landinu sem ekki aðeins hefur ytt undir veikingu krónunnar heldur einnig hækkað fjármagnskostnað heimila og fyrirtækja. Höftin hafa því lagst á sveif með aðhaldssamri peningastefnu um að yta undir kólnun hagkerfisins og hlýtur það raunvaxtastig sem blasir við heimilum og fyrirtækjum að vera yfirdrifið miðað við stöðuna í dag. Það væri því æskilegt að binding fjárfestremistækisins yrði tekin algjör niður svo hagkerfið geti tengst erlendu langtíma fjármagni í gegnum skuldabréfamarkaðinn. Það myndi leiða yfir í lægri vexti óverðtryggðra húsnæðislána og á endanum í lægri skuldaraalög annarra útgefanda á markaði. Munurinn á raunvöxtum Seðlabankans og þess sem heimili og fyrirtæki greiða myndi því smám saman minnka, öllum til hagsbóta.

## Burt með krónuna?



**Björn Berg Gunnarsson**  
fræðslustjóri  
Íslandsbanka

Það kostar víst á fjórðu krónu að framleiða einn krónupening. Samtals eru 119 milljónir slíkra í umferð, sem þýðir að undir söfásess-

um landsmanna eru hátt í 500 tonn af peningum sem hæpið er að verði nokkrum sinni notaðir. Það er erfið að átta sig á nauðsyn þess að halda hér út slíkir mynt og sama mætti væntanlega segja um 25 milljónir fimmmkalla. En hvað með hitt klinkið og seðlana?

Seðlabanki Íslands sendi á dögum um frá sér áhugavert sértil um rafrónu þar sem meðal annars er rætt um stöðu reiðufjár á Íslandi. Þar er því haldið fram að þegar horft er

fram veginn sé „líklegt að hlutdeild hefðbundins reiðufjár, að minnsta kosti í staðgreiðsluvíðskiptum, fari minnkandi.“ Reynolds Dana sýni að börn og aldraðir séu helstu notendur reiðufjár þar í landi en aðrir séu mótækilegir fyrir öðrum greiðsluleiðum. Þetta hljómar alls ekki ólíklegt, en reiðufé er þó ekki einungis greiðslumáti heldur einnig geymsluáður fyrir verðmæti. Fái geyma sennilega klink í stórum varasjóðum en 82% verðmætis lausafjár hér á landi er í

formi 5.000 og 10.000 króna seðla. Reiðufé hefur sína kosti og galla sem sparnáðarform. Vissulega er það í ríkisábyrgð og tiltækt fyrirvaralaust, en það brennur stöðugt upp í verðbólgu og getur glatast.

Dagleg notkun reiðufjár í viðskiptum á sennilega styttra eftir en áhugi fólks á að geyma sparifé undir koddnum. Á endanum má þó reikna með að við hættum alfaríð að nota reiðufé og þá er spurningin hvað tekur við. Seðlabankinn undirbýr sig með

umræðu um rafrónu sem valkost og það er gott að vita að útgefandi reiðufjár skoði af fullri alvöru hvað tekni við.

Þegar rætt var um möguleika þess að innkalla 10.000 kr. seðla í fyrra fór allt í háaloft og ýmist var talað um aðgerðina sem nauðsynlega til að stemma stígu við svartir atvinnu-starfsemi og örva einkaneyslu eða grófa skerðingu á rétti fólks til að geta átt óskráð viðskipti. Í næstu umferð verður umræðan vónandi yfirvegaðri.

5

Fimm ára ábyrgð

SsangYong eigendur eru ánægðastir!\*



Þitt með því er á um verð- og myndbreytingu, Samkvæmt neytendakönnun „Honest John“ í Englandi, „Sankvæmi“ „Kki“ í Englandi, „Sankvæmi“ „Lávarn and Pictorhome Club“ í Englandi.

**Rexton 4x4**

4x4 jeppi ársins í Englandi\*

Aðeins  
**6.990.000 kr.**

**Tökum niður  
forpantanir  
Fyrstu bílarnir  
koma í janúar**



**Korando 4x4**

Dráttarbíll ársins í Englandi\*

Aðeins  
**4.290.000 kr.**

**Óbreytt  
gengi**



**Tivoli 4x4**

Ævintýri í akstri

Aðeins  
**3.490.000 kr.**

**Óbreytt  
gengi**



**Vetrardekk frá Toyo fylgja**

**Vetrardekk frá Toyo fylgja**

**Tryggðu þér SsangYong ánægju á lægra gengi**

Neytendamiðillinn Honest John vinnur að hagsmunamállum neytenda á Bretlandi. Árlega stendur Honest John fyrir ánægjukönnun á breska bílamerkaðnum; „The Honest John Satisfaction Index“. Úrslit hennar ráðast af dómi eigendanna sjálfra. Einkunnargjöf þeirra tekur mið af aksturs-eiginleikum, hagkvæmni í rekstri og áreiðanleika. Í ár komu 10.000 bíleigendur að valinu. Hún leiddi m.a. í ljós að langflestir SsangYong eigendur gáfu bílunum sínum hæstu einkunn.

**SsangYong toppaði því á bresku ánægjuvögunni – það getur ekki verið tilviljun.**

**SsangYong toppar breska ánægjuvog**

Neytendamiðillinn Honest John sýnir sig í málfræm neytenda á Bretlandi. Árlega stendur Honest John fyrir ánægjukönnun á breska bílamerkaðnum; „The Honest John Satisfaction Index“.

Credit: ríður hjá þeim sem upplifa það fyrir hönd. Þráðaði þessa er smáskráð SsangYong í Íslandi og er meira þar á borð við vottun þeirra neytendanna.



Verið velkomin í reynsluakstur á SsangYong

benni.is.

Reykjavík  
Krókháls 9  
Sími: 590 2020

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

Opíð:  
Virka daga frá 9:00 til 18:00  
Laugardaga frá 12:00 til 16:00



## Stjórnar- maðurinn



## Stjórnlaust stjórnkerfi

Fyrir liggur að ákvarðanir kjararáðs um launahækkningar til æstu embættismanna ríkisins sendu afar óheppileg skilaboð þegar fyrir-sjáamlegt var að mikil spenna var að myndast á vinnumarkaði. Líklegt er að þær ákvarðanir komi til með að reynast samningamönnnum á almennum vinnumarkaði fjötur um fót í viðræðum vetrarins. Þó það nú væri, enda varla hægt að ætlast til að venjulegt launafólk taki því þegjandi og hljóðalaust þegar hið opinbera hefur tekið sér það hlutverk að leiða launabróun í landinu. Slikt er auðvitað ekki bara óheppi-legt, heldur beinlínis óæskilegt. Eitt hvað er ófugsnúð þegar opinberir starfsmenn búa ekki bara við aukin réttindi og starfsöryggi, heldur njóta líka bestu kjaranna. Hvers vegna að taka slaginn í einkageiranum, þegar auðveldast og arðbæra væri að falla einfaldlega í mjúkan ríkisfaðm-inn? Gæti ungt fólk sem tekur sín fyrstu skref á vinnumarkaði spurt sig.

Þetta á hins vegar ekki bara við um launakjör, heldur sömuleiðis umsvif og starfsaðstæður. Nýlega bárust fregnir af því að Seðlabankinn hefði fjárfest í heyrnartólum af dýrustu gerð til að starfsmenn fengu vinnu- frið í opnum vinnurýmum. Sams konar vinnuáðstæður virðast hins vegar henta flestum einkafyrirtækjum ágætlega án þess að til milljóna fjárfestinga þurfi að koma. Fyrir liggja sömuleiðis áætlanir Alþingis um gríðarlega uppbyggingu skrifstofuhúsnæðis, en mörgum þykir nóg um það sem nú er. Aætlað er að framkvæmdir vegna nýbyggingar andspænis Ráðhúsinu muni kosta þrjú milljarða króna, en líklega má bæta að minnsta kosti öðru eins við sé miðað við reynslu af opinberum framkvæmdum.

Nýjasta útspilið er svo að fjölda á aðstoðarmönnum þingflokka um sautján auk þess sem ráða á ritara fyrir hvern þingflokk. Þetta kemur í kjölfar þess að aðstoðarmönnum ráðherra var fjölgað í 22, en kostnaður við það er metinn vel á fimmta hundrað milljóna í ár. Er nema von að spurt sé hvað þingmennirnir 63 og allir embættismennirnir eigi svo að taka sér fyrir hendur.

Fram undan er erfiður vetur þar sem kjaraviðræður verða í brennidepli. Kröfur verkalyðsforystunnar eru vissulega óraunhæfar. Staðreyndin er hins vegar sú að fjárhaldsmenn hins opinbera hafa gengið fram með hræðilegu fordæmi. Laun þing- manna og æstu embættismanna hafa hækkað upp úr öllu valdi. Vöxtur kerfisins virðist stjórnlaus, hvort sem lítið er til mannahalds eða aðstöðu. Ef hið opinbera vill njóta trúverðugleika í viðræðum vetrarins þarf að senda skýr skilaboð um að bundinn verði endi á þessa vitleysu.



## Citi ráðgjafi við sölu á Valitor

Bandariski fjárfestingarbankinn Citi verður ráðgjafi Arion banka við sölu á Valitor, dótturfélagi bankans, en áformað er að selja félagið, að hluta eða í heild, í opnu söluférlu á næsta ári. Gert er ráð fyrir því að gengið verði formlega frá ráðningu á Citi á næstu dögum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Citi var einnig ráðgjafi Arion banka í hlutfjárutboði bankans fyrr á árinu.



Höskuldur H. Ólafsson.

Arion banki hefur um nokkurt skeið horft til þess að selja stóran meirihluta í Valitor til erlendra fjárfesta sem myndu leiða alþjóðlegan

vöxt og viðgang félagsins. Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, hefur sagt að bankinn kunni að hafa áhuga á að halda eftir um 20 til 25 prósent hlut í Valitor og þannig geta fengið hlutdeild í mögulegri virðisaukningu félagsins í framtíðinni. Umsvif Valitor hafa aukist gríðarlega síðustu ár – nærri 400 manns starfa hjá samstæðunni – en yfir 70 prósent tekna félagsins koma til vegna erlendra starfsemi, einkum í Bretlandi. Heildartekjur Valitor í fyrra námu 20 milljörðum og eigið fé félagsins er um 16 milljarðar. – hae

09.11.2018



Auðvitað á Már

Guðmundsson

að fara úr bankanum.

Mér fyndist það ótrúlegt

ef fólk ætli að sitja uppi

með mann til að stjórna

Seðlabanka Íslands sem er

á leið í fangelsi.

Þorsteinn Már Bald-

vinsson, forstjóri

Samherja



## Verðmæti

**Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar**

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.



**pwc**

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðisþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðisráðgjafar, endurskoðunar og reikningskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur

# Lít frekar á mig sem miðvörð núna

Haukur Heiðar Hauksson hefur ákveðið að yfirgefa herbúðir sænska meistaraliðsins AIK eftir fjögur góð ár hjá félaginu. Hann kveður liðið á góðum nótum. Lið frá Skandinavíu og Íslandi hafa áhuga á honum og hann mun taka ákvörðun um næsta áfangastað fljótlega.

**FÓTBOLTI** Það var ljúfsár tilfinning sem fór um Norðlendinginn Hauk Heiðar Hauksson þegar AIK varð sænskur meistari um helgina. Haukur missti sæti sitt í byrjunarliði liðsins í upphafi leiktíðar og þegar upp var staðið lék hann einungis fjóra deildarleiki með liðinu á nýlokinni leiktíð. Hann litur hins vegar klárlega á sig sem mikilvægan hluta af leikmannahópnum og fagnaði titlinum vel og innilega um helgina.

„Auðvitað er mjög gaman að vera sænskur meistari og ég er orðinn harður AIK-maður eftir að hafa verið fjögur ár í félaginu. Mér hefur liðið mjög vel hérna og tíminn hefur flogið á meðan ég hef spilað hérna. Það voru vissulega erfiðir tímar á meðan ég var meðdur, en það var hugsað afar vel um mig og ég fékk góða meðhöndlun. Við höfum tvisvar verið nálægt því að verða meistarar á meðan ég hef verið hérna og gaman að takast þetta áður en ég fer.“ sagði þessi öflugji varnarmaður sem hefur tvisvar sinnum lent í öðru sæti með liðinu og kveður nú liðið með meistaratitli.

„Ég datt út úr byrjunarliðinu í byrjun tímabilsins og á meðan liðið var að vinna er erfiðt að tuða yfir því að vera ekki í liðinu. Ég hef hins vegar ákveðið að róa á önnur mið og mun nota næstu tvær til þrjár vikurnar til þess að skoða mína



Haukur Heiðar Hauksson fagnar sænska meistaratitlinum með liðsfélaga sínum hjá AIK eftir sigur liðsins á Kalmar um síðustu helgi. Nú er komið að kaflaskilum hjá Hauki Heiðari sem hyggst yfirgefa herbúðir liðsins. NORDICPHOTOS/GETTY

stöðu. Það er áhugi fyrir hendi hjá liðum í Skandinavíu og ég hef einnig rétt við lið heima á Íslandi. Það eru margir þættir sem spila inn í þessa ákvörðun. Ég þarf að finna

stað þar sem fjölskyldunni liður vel og hentar mér hvað fótboltann snertir,“ segir hann um framhaldið.

Haukur er uppallinn hjá KA, en lék þrjú keppnistímabil með KR á

árunum 2012 til 2014 áður en hann söðlaði um og gekk til liðs við AIK. Hjá Vesturbæjarliðinu varð hann einu sinni Íslandsmeistari og tvegis bikarmeistari. Þá lék hann

Það er áhugi fyrir hendi hjá liðum í Skandinavíu og ég hef einnig rétt við við lið heima á Íslandi. Ég býst við að taka ákvörðun á næstu vikum.

Haukur Heiðar Hauksson

sem sóknjafur hægri bakvörður og tók virkan þátt í sóknarleik KR-liðsins með góðum árangri. Nú lítur hann frekar á sig sem miðvörð þrátt fyrir að hann geti leyst hægri bakvarðarstöðuna með sóma.

„Eftir að hafa lent í þessum hnémeðslum þar sem ég var í veseini með brjósk hefur ég þurft að breyta aðeins um leikstíl. Ég þarf að laga minn leik að breyttum aðstöðum og ég lít frekar á mig sem miðvörð í dag en bakvörð. Það hentar mér einkar vel að leika hægri megin í þriggja manna vörn eins og ég hef gert síðustu ár hérna í Svíþjóð. Þá get ég einnig staðið í stykkinu í tveggja manna miðvarðakerfi.“ segir hann um þróun mála á ferli sínum, en hann fór í aðgerð á hnénu árið 2016 og svo aftur árið 2017.

hjorvaro@frettabladid.is

SUBARU FORESTER.

BREGST SJÁLFKRAFA VIÐ ÓVÆNTUM

# AÐSTÆÐU



94% ökumanna finnst þeir öruggari með EyeSight tækni

Þú fyllist hugarró þegar þú veist að billinn þinn skerast í leik og aðstoðar þig við að koma í veg fyrir árekstur. Varar þig við þegar aðvafiandi ökutæki er á blinda punktinum. Og gerir þér kleift að leggja bílnum áreynslulaust í þröngt stæði með aðstoð myndavélar sem sýnir nálægð við gangstéttarbrún. Slakaðu á. EyeSight er staðalbúnaður í Subaru Forester LUX, bensín.

Subaru Forester Premium, sjálfskiptur. Verð frá: 5.350.000 kr.



SUBARU

Confidence in Motion



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstaði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Kristín Guðmundsdóttir**  
áður til heimilis að Miklubraut 16, Reykjavík.

lést á dvalarheimilinu Hrafnistu, Reykjavík, 11.11. 2018. Útför verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 20. nóvember kl. 13.

**Pórdís Garðarsdóttir** **Lúðvík Björnsson**  
**Guðmundur Elias Nielsson** **Karólína Guðmundsdóttir**  
**Elsa Margrét Nielsdóttir** **Jacob Alexander de Ridder**  
**Magnús Rúnar Guðmundsson** **Hrönn Harðardóttir**  
**Niels Pétur Guðmundsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Guðlaug Magnúsdóttir**  
frá Hraunholtum, Hnappadal, andaðist á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu 9. nóvember.

Útför fer fram í Guðriðarkirkju föstudaginn 16. nóvember kl. 11.00. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki Mánateigs, Hrafnistu, fyrir alúðlega umönnun og hlýju.

**Þorsteinn Guðmundsson** **Þórunn Ósk Jónsdóttir**  
**Halldór Bjarni Pálmason**  
**Sveinn Grétar Pálmason** **Kristín Anna Alfreðsdóttir**  
börn og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Bára Helgadóttir**  
Njarðarvöllum 6, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 7. nóvember. Hún verður jarðsöngin frá Ytri-Njarðvíkirkirkju fimmtudaginn 15. nóvember klukkan 14.

**Jóhanna G. Egilsdóttir** **Skúli H. Hermannsson**  
**Helgi G. Steinarnson** **Aneta Grabowska**  
**Árni Einarsson**  
**Áslaugur S. Einarsson** **Guðrún Jóna O'Connor**  
**Arnar Einarsson** **Guðfinna Eðvarðsdóttir**  
**Guðlaug Einarsson** **Hafsteinn Ingibergsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum af alúð öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts sonar okkar, barnabarns, bróður, mágs og franda,

**Guðmundar Bárðarsonar**  
sem lést þann 31. október 2018.

Sérstakar þakkir fyrir frábær störf og fagmennsku fá séra Ninna Sif Svavarsdóttir, Oddur Árnason yfirlögregluþjónn og starfsmenn Brunavarna Árnessýslu. Ykkur verður seint fullþakkað.

**Sigríður Ingibjörg Jensdóttir** **Bárður Guðmundsson**  
**Jens Guðmundur Hjörleifsson**  
**Kristjana Hrund Bárðardóttir** **Guðjón Öfjörð Einarsson**  
**Jens Hjörleifur Bárðarson** **Maresa Rieder**  
**Helgi Bárðarson** **Anni Gerða Jónsdóttir**  
**Hlynur Bárðarson** **Helga Ýr Erlingsdóttir**  
og systkinabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.

## Félag háskólakvenna heldur upp á 90 árin

Félag háskólakvenna var stofnað árið 1928 og er því 90 ára í ár. Upp á þetta verður haldið í Hátíðarsal Háskóla Íslands þar sem nokkrar háskólakonur halda meðal annars erindi. Ýmislegt hefur verið gert á 90 árum en í dag eru konur í meirihluta í háskólanámi.

Félag háskólakvenna er 90 ára í ár og í tilefni stórafmælisins verður efnt til hátíðar í Hátíðarsal Háskóla Íslands í dag klukkan 17. Þar munu nokkrar háskólakonur fara með erindi: Eliza Reid forsetafrú, Ilmur Kristjánsdóttir leikkona og Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur. Afhentur verður 500 þúsund króna rannsóknarstyrkur og veittar heiðursvörðningar.

Félagið var stofnað í apríl árið 1928. Þá var Háskóli Íslands ekki búinn að vera til lengi og var aðeins 17 ára og aðeins örfáar konur sem voru útskrifaðar með háskólagráðu. Félagið var stofnað til að hvetja ungar konur til mennta og einnig til að berjast fyrir réttindum þeirra. Fyrsta verkefni félagsins var að safna fé til að kaup eitt herbergi á stúdentagarðinum, sem þá var nýrisinn, og átti það að tryggja rétt kvenstúdents til búsetu þar.

Í dag eru konur nær tveir þriðju hlutar af þeim tæplega 20 þúsund nemendum sem stunda háskólanám og því hafa áherslur félagsins breyst töluvert frá því sem var í byrjun. Aukin samkennd háskólakvenna er ein af þeim áherslum sem eru hjá félaginu í dag og það er gert með því að skyggast inn í veröld þeirra og kynnast störfum og viðfangsefnum þeirra. Háskólakona ársins er valin árlega en það var gert í fyrsta sinn í fyrra og var það dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir sem var valin – hún er prófessor við lækna-deild Háskóla Íslands og hefur unnið að fjölmörgum rannsóknum til að kanna samspil erfða, áfalla og heilsufarsvandamála. Í ár var það dr. Anna Þorvaldsdóttir tónskáld sem var valin.

Í stjórn Félags háskólakvenna eru Margrét Kristín Sigurðardóttir formaður, Helga Guðrún Johnson ritari, Hanna Lára Helgadóttir gjaldkeri, Elísabet Sveinsdóttir meðstjórnandi og Halldóra Traustadóttir meðstjórnandi. [stefanthor@frettabladid.is](mailto:stefanthor@frettabladid.is)



Dr. Anna Þorvaldsdóttir tónskáld var heiðruð sem háskólakona ársins 2018.



Stjórn Félags háskólakvenna, talið frá vinstri: Hanna Lára Helgadóttir gjaldkeri, Helga Guðrún Johnson ritari, Halldóra Traustadóttir meðstjórnandi, Elísabet Traustadóttir meðstjórnandi og Margrét Kristín Sigurðardóttir formaður.



Mín ástkæra eiginkona,  
**Ásdís Berg Magnúsdóttir**

andaðist á Sjúkrahúsi Patreksfjarðar þann 5. nóvember sl. Útför hennar verður gerð frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 17. nóvember næstkomandi og hefst athöfnin kl. 14.00. Þeir sem vilja minnast hennar við þetta tækifæri eru beðnir að láta slysavarnadeildina Unni njóta þess.

**Hermann Ármannsson**  
og aðrir aðstandendur.



Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,  
**Rúnar Þór Friðbjörnsson**  
Rofabæ 31, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu miðvikudaginn 7. nóvember. Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

**Sigrún Ámundadóttir** **Fríðbjörn Þ. Jónsson**  
**Ámundi Halldórsson** **Margrét Traustadóttir**  
**Jóhann Friðbjörnsson** **Regina Sveinsdóttir**  
**Kristín Friðbjörnsdóttir**  
og frændsystkini.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Erla Þórðardóttir**  
Glerárholti, Akureyri,

lést þriðjudaginn 6. nóvember á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útför hennar fer fram frá Gleráarkirkju mánudaginn 19. nóvember kl. 10.30.

**Þóður Rist** **Lára Jósefina Jónsdóttir**  
**Jóhann Pálsson Rist** **Brynildur Pétursdóttir**  
**Kristín Laufey Ingólfssdóttir** **Stefán Hlynur Björgvinsson**  
ömmubörn og langömmubörn.



Elskulegur eigenmaður minn og faðir okkar,  
**Aðalsteinn Hallsson**

Prastanesi 7, Garðabæ, lést laugardaginn 10. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ebba Stefánsdóttir**  
**Atli Stefán Aðalsteinsson**  
**Bergljót Aðalsteinsdóttir**  
**Brynja Aðalsteinsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gjafakort Bónus



Gjöf sem kemur  
að góðum notum fyrir alla

Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus


**BÓNUS** EKKERT BRUÐL



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Austan 5-10 og lítilsháttar rigning S-lands, en slydda eða snjó-mugga á NA- og A-landi. Híti 0 til 6 stig og fer heldur kólnandi.



## Fimmtudagur

<b>Reykjavík</b> 4° ↙ 4	<b>Ísafjörður</b> 3° ↙ 9	<b>Akureyri</b> 2° ↓ 3	<b>Reykjavík</b> 6° ← 8	<b>Ísafjörður</b> 2° ↙ 1	<b>Akureyri</b> 5° ↑ 6
<b>Egilsstaðir</b> 3° ↓ 10	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 4° ← 13	<b>Hveravellir</b> -2° ↙ 10	<b>Egilsstaðir</b> 4° ↑ 5	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 6° ← 8	<b>Hveravellir</b> 1° ↑ 11

## Föstudagur

### LÉTT

	5		3					1
		3	6	1		2	9	
7			8					
4		7			6			
3				4			1	
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
		4						

### MIDLUNGS

			8	4				
3					5			9
	7	8	9					5
		9	2		6	1		
		3				2	7	
	1			7	9	4		
		7	1			3	8	
					3	9		6
					8	1		

### ÞUNG

		5		6	7			
1	2	9		7			8	
								9
	3						4	
		6			9	5		
8	7		1		3			
	4		2	9		6		
9	1	5						4
								8

### Krossgáta

- LÁRÉTT**
- renta
  - máleinng
  - skóli
  - flosna
  - samtök
  - hamingja
  - bó
  - kjafi
  - ávöxtur
  - fjúk
- LÓDRÉTT**
- vegsma
  - kvk. nafn
  - svelgur
  - niðurfelling
  - glettast
  - galgopi
  - fránn
  - sár
  - frá

1	2	3	4					
5				6	7			
8				9				
10				11				
			12					
13	14							
15						16		
	17							

## Skák Gunnar Björnsson

Magnus Carlsen (2.835) og Fabiano Caruana (2.832) gerðu jafntefli í fjórðu einvígsskákinni í gær. Heimsmeistarinn átti hér leik.

Carlsen lék **15. He1** en líklega hefði **15. b5** gefið honum smá frumkvæði. Að fyrstu skákinni undanskilinni hefur einvigið verið ákaflega litlaust. Staðan er 2-2. Fridagur er í dag. Fimmta skákin verður teft á morgun.

[www.skak.is](http://www.skak.is): HM-einvigið



9	3	8	2	4	5	1	7	6
1	4	7	6	3	8	9	5	2
2	6	5	9	7	1	4	8	3
4	7	2	1	9	3	5	6	8
8	9	3	5	6	7	2	1	4
5	1	6	8	2	4	3	9	7
6	2	4	7	5	9	8	3	1
7	5	1	3	8	2	6	4	9
3	8	9	4	1	6	7	2	5
9	2	6	3	4	7	1	5	8
7	1	3	8	5	6	2	9	4
8	5	4	9	1	2	6	3	7
4	8	7	1	3	9	5	6	2
1	6	2	4	7	5	3	8	9
3	9	5	2	6	8	7	4	1
2	3	1	5	8	4	9	7	6
5	7	8	6	9	1	4	2	3
6	4	9	7	2	3	8	1	5
1	2	8	4	7	3	9	6	5
3	4	5	2	9	6	7	8	1
6	7	9	5	8	1	2	3	4
4	8	7	6	5	2	3	1	9
5	6	2	3	1	9	8	4	7
9	1	3	7	4	8	5	2	6
2	9	4	8	6	7	1	5	3
7	3	6	1	2	5	4	9	8
8	5	1	9	3	4	6	7	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Frettablaðsins.

## Pondus



## Geljan



## Barnalán



## Varmadælar & loftkæling

**Kælitækni**

- Kyndir húsið á veturna og kælar á sumrin
- Fyrir norðlægur slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk  
Midea MOB12  
Max 4,92 kW  
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)  
f. íbúð ca 60m<sup>2</sup>.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

## LÍFIÐ ER Á FRETTABLAÐID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tisku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Frettablaðinu á Facebook



Bergsveinn Birgisson heldur fyrirlestur í Neskirku um reynslu sína af því að skrifa bókina Leitinn að svarta vikingnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Oddný Eir Ævarsdóttir talar um Bibliuna í Hallgrímskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

### 14. NÓVEMBER 2018

#### Tónlist

**Hvað?** Requiem eftir Victoria  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Kristskirkja  
Barbörurkórinn heldur tónleika í Kristskirkju miðvikudagskvöldið 14. nóvember nk. kl. 20. Requiem (sálumessa) eftir spænska tónskáldið og prestinn Tomás Luis de Victoria (1548-1611) er rómað fyrir dæleiðandi fegurð og einstaklega djúpa túlkun á texta sálumessunnar. Verkið, sem er í sex röddum, var samið fyrir útför spænsku keisaraynjunnar Mariu sem lést 1603. Sálumessan er jafnframt svanasöngur tónskáldsins og markar á vissan hátt endalok spænsku gullaldarinnar.

#### Viðburðir

**Hvað?** Fullveldi Íslands í 100 ár: Hugsjón og reynd  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Norræna húsið  
Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sögufélag og Háskólinn í Reykjavík efna til fundaraðar í nóvember með yfirskriftinni Fullveldi Íslands í 100 ár: Hugsjón og reynd. Tilgangur fundanna er að taka til umræðu fullveldishugmyndina í íslenskum stjórnmálum, þýðingu fullveldis fyrir samfélagsþróun á Íslandi og spurninguna um hvort þrengt hafi verið að fullveldi Íslands á síðustu áratugum.

**Hvað?** Oddný Eir Ævarsdóttir um Bibliuna  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Hallgrímskirkja  
Hvaða minningar á Oddný Eir Ævarsdóttir, rithöfundur, um Bibliuna? Hvernig metur hún gildi hennar? Áhrifasaga Bibliunnar er mikilfengleg. Hvað í Bibliunni skiptir nútímafolk máli og hvað gegnir hlutverki í menningu samtíðar? Miðvikudagur 14. nóvember kl. 12 í norðursal Hallgrímskirkju.

**Hvað?** Hvernig er best fyrir kennara að spilla nemendum sínum?  
**Hvenær?** 19.00  
**Hvar?** Iða Zimsen, Vesturgötu  
Í kvöld heldur Jóhann Björnsson heimspekikennari fræðsluerindi á vegum Félags heimspekikennara í Iðu Zimsen, Vesturgötu 2a. Fjallað verður um útgæfnar kennslubækur Jóhanns og aðferðir til að beita þeim í kennslu. Erindið er opið öllu áhugafólki um heimspekikennslu. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Að skrifa með báðum heilum: Vísindi og tilfinningar  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Neskirku  
Skáldið og fræðimaðurinn Bergsveinn Birgisson heldur fyrirlestur á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða, sem fram fer í safnaðarheimili Neskirku miðvikudaginn 14. nóvember kl. 20.00.

**Hvað?** Gjörningatið #1 Secret of the Ooze – Kolbeinn Hugi  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Hafnarhúsið  
Listamaðurinn og eyjarskegginn Kolbeinn Hugi (f. 1979) tilheyrir kynslóð sem kom fram eftir að gjá hafði myndast á milli listarinnar og listamanna í Reykjavík, þeirri myrku nýfrjálshyggjuborg. Með verkum sínum – sem unnin eru út frá ýms konar móttífum tengdum teknó-fútúrisma átunda áratugarins, gervifornleifafræði og nýaldar-svartmetal, vill listamaðurinn stuðla að myndun annars konar þjóðfélags, enda gerir hann því skóna að veröldin þurfi ekki endilega að vera eins og hún er í dag.

**Hvað?** Insomnia  
**Hvenær?** 19.30  
**Hvar?** Þjóðleikhúsið  
Hvernig væri heimurinn ef lögmál Friends væru allsráðandi? Hvort sem þú ert með Ross eða Rachel í líði, hvort sem þú ert meiri Phoebe eða Chandler, hvort sem þú elskar eða hatar Friends er þetta verk sem á erindi við þig.

**Hvað?** Opnunarpartí Spectacular  
**Hvenær?** 18.00  
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu  
Everybody's Spectacular býður þér á opnun hátíðarinnar hjá góðvinum okkar hjá Mengi, Óðinsgötu 2.

**Hvað?** Veður – Berjamór – Orange vín  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Veður, Klapparstíg  
Næstkomandi miðvikudag verður við Í Berjamó á barnum Veður, Klapparstíg með nokkur orange vín á góðum prís. Fyrir þá sem ekki vita hvað orange vín eru, eru það hvítvin sem eru framleidd á sama hátt og rauðvin, það er, hýði berjanna er haft með í gerjuninni.

**Hvað?** Moving Mountains in Three Essays / Everybody's Spectacular  
**Hvenær?** 19.30  
**Hvar?** Þjóðleikhúsið  
Íslenski sviðslistahópurinn Marble Crowd flytur fjöll með leikgledina að vopni í þessu sjónræna sviðsverki sem var frumsýnt vorið 2017 á aðalsviði Kampnagel-leikhússins í Hamborg.

**Hvað?** Ljóðakaffi – Meðgönguljóð  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi  
Í þetta sinn fáum við hóp ljóðskálda frá Meðgönguljóðum. Frá árinu 2011 hafa Meðgönguljóð tekið þátt í mikilli vakningu í íslenskum ljóðaheimi með útgáfu bóka eftir fjölda upprennandi skálda.



# Nýjar íbúðir í Reykjavík

Opinn kynningarfundur um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í borginni verður föstudaginn 16. nóvember 2018, kl. 9-11, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Á fundinum mun borgarstjóri kynna framkvæmdir og framkvæmdaáform á húsnæðismarkaði í Reykjavík en í ár verða slegin öll fyrri met í nýbyggingum íbúða. Jafnframt verður kynnt nú greining Capacent á fasteignamarkaðnum í borginni.

Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.30.

Allir velkomnir.

Fundurinn verður sendur út á vefsíðunni [reykjavik.is/ibudir](http://reykjavik.is/ibudir)

**KALT STRÍÐ**

## GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADÍS.IS

Kona fer í stríð (ENG SUB)	18:00	Blindspotting (ICE SUB)	22:00
Mæri // Border (ICE SUB)	18:00	Kalt stríð // Cold War (ICE SUB)	22:00
Kalt stríð // Cold War (ICE SUB)	20:00	Dywizjon 303 (ENG SUB)	22:00

Hinn seki // Den skyldige (ICE SUB) 20:00

**HINN SEKI**

## DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons  
**07.20** Ævintýri Tinna  
**07.45** Strákarnir  
**08.10** The Middle  
**08.30** Ellen  
**09.15** Bold and the Beautiful  
**09.35** The Doctors  
**10.20** Jamie's 15 Minute Meals  
**10.45** The Big Bang Theory  
**11.05** Spurningabomban  
**11.50** Deception  
**12.35** Nágrannar  
**13.00** Masterchef The Professionals Australia  
**13.45** The Heart Guy  
**14.40** The Night Shift  
**15.25** PJ Karsjó  
**15.55** Léttir sprettir  
**16.15** The Bold Type  
**17.00** Bold and the Beautiful  
**17.20** Nágrannar  
**17.45** Ellen  
**18.30** Fréttir Stöðvar 2  
**18.55** Ísland í dag  
**19.10** Sportpakinn  
**19.20** Fréttayfirlit og veður  
**19.25** Vikingalottó  
**19.30** I Feel Bad  
**19.55** Jamie Cooks Italy Glæsilegir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver sem fer hér í sérlega spennandi ferð um gervalla Ítalíu í leit að uppskriftum að gömsæt- um réttum. Ítölsk matargerð á sér langa og margbrotna sögu og hér fer Jamie með okkur í heimsókn til kostakokka sem allir eiga það sameiginlegt að geta töfrað fram ekta ítalskan mat.  
**20.45** Grey's Anatomy Önnur syrpa þessara vonduðu og dramatisku þátta með Freddie Highmore í aðalhlutverki og fjallar um ungan skurðlækni sem er bæði einhverfur og með savant-heilkenni og er ráðinn á barnadeild á mikilvirtu sjúkrahúsi.  
**22.15** Camping  
**22.40** Wentworth  
**23.30** Lethal Weapon  
**00.15** Counterpart  
**01.00** Alex  
**01.45** Humans  
**02.35** Bancroft  
**03.20** Bancroft  
**04.05** King in the Wilderness

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00** LA Rams - Seattle Seahawks  
**10.25** Leicester - Burnley  
**12.05** Liverpool - Fulham  
**13.45** Premier League Review  
**14.40** Haukar - Skallagrímur  
**16.20** Ítölsku mörkin  
**16.50** Ísland - Sviss  
**18.35** Fréttapáttur Þjóðadeildarinnar  
**19.05** ÍR - Valur  
**21.15** Domino's-körfuboltakvöld kvenna  
**22.15** Manchester City - Manchester United  
**23.55** ÍR - Valur

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.40** Crvena zvezda - Liverpool  
**11.20** Inter - Barcelona  
**13.00** Meistaradeildarmörkin  
**13.30** Manchester City - Shakhtar Donetsk  
**15.10** Juventus - Manchester United  
**16.50** Meistaradeildarmörkin  
**17.20** Sheffield United - Sheffield Wednesday  
**19.00** Football League Show  
**19.30** Chelsea - Everton  
**21.10** Arsenal - Wolves  
**22.50** Premier League Review  
**23.45** UFC Now

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
 FM 89,5 Retro  
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 93,5 Rás 1  
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
 FM 96,7 Létt Bylgjan  
 FM 97,7 X-ió

FM 98,9 Bylgjan  
 FM 99,4 Útvarp Saga  
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



## JAMIE COOKS ITALY

KL. 19:55

Sérlega smart og skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem meistari Jamie Oliver ferðast um fögru Ítalíu í leit að klassískum uppskriftum og ekta ítölskum réttum eins og þeir gerast allra bestir.



## Frábær miðvikudagur

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**



## GREY'S ANATOMY

KL. 20:45

Það er allt að gerast á bráðadeildinni á Grey-Sloan spítalanum og nú hafa nýir læknar bæst við bráðadeildina sem eiga það til að flækja málin.

## THE GOOD DOCTOR

KL. 21:30

Dramatískir þættir um ungan einhverfan skurðlækni sem er ráðinn á barnadeild á mikilvirtu sjúkrahúsi. Það mun hugsanlega draga dilk á eftir sér.



## CAMPING

KL. 22:15

Það úr vondu að ráða þegar blása á í glæður hjónabandsins. Gráglettnir gamanþættir úr smíðu HBO með Jennifer Garner og David Tennant í aðalhlutverkum.



## WENTWORTH

KL. 22:45

Skemmtilegir og dramatískir spennuþættir um lífið innan veggia hættulegasta kvennafangelsis Ástralíu.



Allt þetta og meira til á **áðeins 9.990 kr.**

**stod2.is**

## STÖÐ 3

**19.10** Anger Management  
**19.35** Schitt's Creek  
**20.00** Seinfeld  
**20.25** Friends  
**20.50** Two and a Half Men  
**21.15** All American  
**22.00** American Horror Story 8: Apocalypse  
**22.45** Boardwalk Empire  
**23.45** Supergirl  
**01.20** The New Girl  
**01.45** Schitt's Creek  
**02.10** Seinfeld  
**02.35** Friends  
**03.00** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson  
**07.49** Lalli  
**07.54** Pingu  
**08.00** Strumparnir  
**08.25** Ævintýraferðin  
**08.37** Gulla og grænjaxlarnir  
**08.48** Hvellur keppnisbill  
**09.00** Stóri og Litli  
**09.13** Tindur  
**09.23** Mæja býfluga  
**09.35** K3  
**09.46** Grettir  
**10.00** Könnuðurinn Dóra  
**10.24** Mörgæsinar frá Madagaskar  
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**11.00** Áfram Diego, áfram!  
**11.24** Svampur Sveinsson  
**11.49** Lalli  
**11.54** Pingu  
**12.00** Strumparnir  
**12.25** Ævintýraferðin  
**12.37** Gulla og grænjaxlarnir  
**12.48** Hvellur keppnisbill  
**13.00** Stóri og Litli  
**13.13** Tindur  
**13.23** Mæja býfluga  
**13.35** K3  
**13.46** Grettir  
**14.00** Könnuðurinn Dóra  
**14.24** Mörgæsinar frá Madagaskar  
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**15.00** Áfram Diego, áfram!  
**15.24** Svampur Sveinsson  
**15.49** Lalli  
**15.54** Pingu  
**16.00** Strumparnir  
**16.25** Ævintýraferðin  
**16.37** Gulla og grænjaxlarnir  
**16.48** Hvellur keppnisbill  
**17.00** Stóri og Litli  
**17.13** Tindur  
**17.23** Mæja býfluga  
**17.35** K3  
**17.46** Grettir  
**18.00** Könnuðurinn Dóra  
**18.24** Mörgæsinar frá Madagaskar  
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**19.00** Kalli á þakinu

Mörgæsinar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24



## GOLFSTÖÐIN

**07.50** Golfing World  
**08.40** OHL Classic at Mayakoba  
**11.40** PGA Highlights  
**12.35** Golfing World  
**13.25** Blue Bay LPGA  
**18.25** Champions Tour Highlights  
**19.20** Golfing World  
**20.10** OHL Classic at Mayakoba  
**23.10** Champions Tour Highlights  
**00.05** Golfing World

## STÖÐ 2 BIÓ

**11.05** The Day After Tomorrow  
**13.05** 50 First Dates  
**14.45** Grey Gardens  
**16.30** The Day After Tomorrow  
**18.35** 50 First Dates  
**20.15** Grey Gardens  
**22.00** The Program Sannsógu- leig mynd frá 2015. Segir frá írsku íþróttafréttamanninum David Walsh sem fylgdist grannt með Tour de France hjólreiðakeppninni árið 1999, en þá sigraði Lance Armstrong í fyrsta sinn. David sannfærðist algjörlega um að Armstrong hefði notað lyf til að auka getu sína.  
**23.45** Patti Cake\$  
**01.30** Drone Spennutryllir frá 2017 með Sean Bean í aðalhlutverki. Drónaflugmaðurinn og fjölskyldu- maðurinn Neil hefur allan sinn feril stjórnað stórhættulegum og leyni- legum verkefnum erlendis.  
**03.00** The Program

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útvar 2010-2011  
**14.00** Úr Gullkistu RÚV: Halldór um ...  
**14.25** Úr Gullkistu RÚV: Gott kvöld  
**15.20** Úr Gullkistu RÚV: Ferða- stíklur  
**16.05** Úr Gullkistu RÚV: Fjórar konur  
**16.35** Úr Gullkistu RÚV: Sjónleikur í átta þáttum  
**17.15** Síteynd - veröld samfélagsmiðla  
**17.45** Tánmálsfréttir  
**17.55** Disneystundin  
**17.56** Gló magnaða  
**18.17** Sigldar teiknimyndir  
**18.24** Sögur úr Andabæ  
**18.45** Úti í umferðinni  
**18.50** Krakkafréttir  
**18.54** Vikingalottó  
**19.00** Fréttir  
**19.25** Íþróttir  
**19.30** Veður  
**19.35** Kastljós  
**19.50** Menningin  
**20.00** Kiljan  
**20.40** Við getum þetta ekki  
**21.10** Rivieran  
**22.00** Tíufréttir  
**22.15** Veður  
**22.20** Vietnamstriðið  
**23.20** Vegir Drottins  
**00.25** Kveitur  
**00.55** Kastljós  
**01.10** Menningin  
**01.20** Dagskrárlök

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil  
**08.45** The Tonight Show  
**09.30** The Late Late Show  
**10.15** Siminn + Spotify  
**12.00** Everybody Loves Raymond  
**12.20** King of Queens  
**12.40** How I Met Your Mother  
**13.05** Dr. Phil  
**13.50** Ally McBeal  
**14.35** Ný sýn  
**15.10** Með Loga  
**16.15** Everybody Loves Raymond  
**16.35** King of Queens  
**16.55** How I Met Your Mother  
**17.20** Dr. Phil  
**18.05** The Tonight Show  
**18.50** The Late Late Show  
**19.35** Survivor  
**20.25** Líf kviknar  
**21.00** Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby  
**22.00** Station 19  
**22.45** Elementary  
**23.30** The Tonight Show  
**01.00** NCIS  
**01.45** 9-1-1  
**02.35** Law & Order: Special Vics- im Unit  
**03.25** The Handmaid's Tale  
**04.25** Siminn + Spotify


**ÞORPIÐ EFTIR RAGNAR JÓNASSON**

# FAER HÁRIN TIL AÐ RÍSA!



„RAGNAR JÓNASSON HEFUR  
NÁÐ FULLKOMNUM TÖKUM Á  
NORRÆNU GLÆPASÖGUNNI.“

**FINANCIAL TIMES**



**Þorpið** er dulmögnuð glæpasaga í hæsta gæðaflokki eftir Ragnar Jónasson, einn fremsta spennusagnahöfund þjóðarinnar. Hér sýnir hann allar sínar bestu hliðar í bók sem fær hárin til að rísa!

**3.**

**Metsölulisti  
Eymundsson**

Innbundin  
skáldverk  
& hljóðbækur

„Erfitt að leggja bókina frá sér. Óvæntir atburðir gerast og fléttan gengur upp á skemmtilegan hátt.“

**Jóhann Ólafsson, Morgunblaðinu, um Þorpið**

VERÖLD



BJARTUR-VEROLD.IS

# Leikvöllur fyrir fjölbreytta fagurfræði gleði og alvarleika

Alþjóðleg sviðslista-hátíð í Reykjavík, Spectacular, hefst í dag og stendur til sunnudags. Hátíðin er árleg sviðslista-hátíð sem blásið er til af Lókal og Reykjavík Dance Festival. Hátíðin er vettvangur fyrir þá sem vilja kynna sér nýjustu strauma og stefnur í sviðslistum.



## INSOMNIA

Hvernig væri heimurinn ef lögmál Friends væru allsráðandi? Hvort sem þú ert með Ross eða Rachel í liði, hvort sem þú ert meiri Phoebe eða Chandler, hvort sem þú elskar eða hatar Friends er þetta verk sem á erindi við þig. Grímuverðlaunahöpurinn Stertabenda skoðar áhrifin sem vinsælustu gamanþættir okkar tíma hafa haft á sjálfsmynd kynslóða í hárbeyttri og bráðfyndinni sýningu.



## SUPERAMAS

Chekhov Fast & Furious er afrakstur leikrænnar ritstjórnarvinnu; leikur að sviðsetningu hlutanna. Sýningin er gleðisprengja, stúfúll af tilvitnunum, stolnu efni, tvöfeldni og spegilmyndum. Þetta er óvenjuleg leikæfing og um leið virðingavottur við æskuna sem er svo næm, svo viðkvæm, svo ákveðin og rausnarleg.




## GAMALL

Ragnar Ísleifur Bragason er gamall maður, aleinn heima hjá sér. Hann sýslar eitt og annað: sópar gólf, gengur um, situr, pakkar saman. Hver er hann? Er hann á leiðinni eitthvert? Jafnvel fyrir fullt og allt? Verkið er ódur til ellinnar, ódur til gamla fólksins sem myndar stóran hluta mannkyns en við hugsum lítið sem ekkert til.



## MERCURIAL GEORGE

Í verkinu Mercurial George er einfeltnin tekin fyrir og snúð upp á hana þannig að óþægilegar kenndir vakna með áhorfandanum. Dana Michel leggur út í menningarlegan fornleifauppgróft, rótar í haugi af rykugum visbendingum sem setja dansarann úr jafnvægi. Michel er búsett í Montréal og útskrifaðist sem samtímadansari frá Concordia University árið 2005, en hafði fram að því starfað sem markaðsstjóri, hlaupari og ruðningsleikmaður. Hún hlaut Silfurljónið á Fenejvatvíæringnum 2017 fyrir frumsköpun í dansi.



## COCK, COCK... WHO'S THERE?

Samira Elagoz fer með áhorfandann í rannsóknarleiðangur sem teygir sig heimsálfanna á milli, með viðkomu á stefnumótasiðum á borð við Tinder og Chatroulette auk þess sem hún hittir fjölda karlmanna augliti til auglitis.

Sýningin hefur verið sýnd í Amsterdum, Tel Aviv, Edinborg, París, Dublin, München, Kaupmannahöfn og fleiri borgum og fengið frábærar viðtökur. Sýningin fjallar um kynferðisofbeldi og er því ekki við hæfi barna undir 16 ára.

## PÖKKUNARVÉLAR HNÍFABRÝNI

... og svo miklu meira



Ishida Nano - Allt í einni vél  
Vigtun - pökkun - merking

**Pmt**  
PLAST, MIDAR & TÆKI

Mikið úrval af tækjum sem henta einstaklingum og fyrirtækjum

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is



## MOVING MOUNTAINS

Fimm höfundar vilja flytja fjöll. Óvæntur atburður flækir framvinduna. Þau ákveða að gera aðra atrennu. Það er ógjörningur að flytja fjöll. Leikhópurinn Marble Crowd sviðsetur röð tilrauna, sem byggja á dansi, sagnalist og ævintýrlegu myndmáli. Fjallið liggur á flekaskilum, er samansafn af bergtegundum, dýrum og rusli; staður þar sem fólk kemur saman til þess að leita æðri máttar – svo er þetta líka gríðarmikið steinasafn.



## JACOB WRÉN

Í tilefni af tuttugu ára starfsafmæli listhópsins PME-ART samdi Jacob Wrén, annar stjórnenda hans, bókina „Authenticity is a Feeling: My Life in PME-ART“, en í henni er blandað saman sagnaritun, endurminningum og sviðslistakenninum með áhrifamiklum hætti. En bækur um sviðslistir geta sjaldan staðið einar og sér. Þegar fjallað er um sviðslistir verður auðvitað að setja eitthvað á svið.

# Rocky Horror sýnt í desember

Tveimur aukasýningum á söngleiknum Rocky Horror hefur verið bætt við á Stóra sviði Borgarleikhússins. Upphaflega átti sýningum að ljúka í nóvember en sökum vinsælda og mikillar eftirspurnar hefur verið bætt við sýningum 8. og 14. desember. Ekki verður hægt að bæta við fleiri sýningum, segir í tilkynningu frá leikhúsinu.

Söngleikurinn hefur slegið í gegn undanfarna mánuði en rúmlega 35 þúsund manns hafa séð sýninguna. Alls seldust 4.580 miðar á sérstökum

» SÖNGLEIKURINN HEFUR SLEGIÐ Í GEGN UNDAFARNA MÁNUÐI EN RÚMLEGA 35 ÞÚSUND MANNS HAFÁ SÉÐ SÝNINGUNA.

forsöluþegi sem er miðasölumet fyrir einstakan viðburð í Borgarleikhúsinu.

Páll Óskar Hjálmtýsson leikur

Frank N Furter eins og þegar söngleikurinn var settur upp í fyrsta skipti á íslensku fyrir um 27 árum í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Páll Óskar var nemandi í skólanum á þeim tíma.

Aðrir leikarar í sýningunni eru Arnar Dan Kristjánsson, Björn Stefánsson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Halldór Gylfason, Haraldur Ari Stefánsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Þórunn Arna Kristjánisdóttir, Vala Kristín Eiríksdóttir og Valdimar Guðmundsson. – bb



Páll Óskar leikur Frank N Furter og gerir það eins og honum einum er lagið. Búið er að bæta við sýningum svo að fleiri geti notið hans og allra hinna.



Þessi hefur væntanlega skellt sér í borg óttans eftir æfingu og skolað niður nokkrum góðum með búbbum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Bruggað vegna bjórþorsta hermanna á Íslandi

Finnska brugghúsið Tornion Panimo brást við fréttum um að hermenn hefðu tæmt öldurhús Reykjavíkur af bjór með því að brugga Peacemaker. Bjórinn mun koma á markað innan tíðar en í takmörkuðu upplagi.

„Við heyrðum af vandræðum hermanna í Reykjavík og vildum alls ekki að þeir myndu verða bjórþyrstir svo við gerðum þennan friðarbjór.“ segir Kaj Kostianer, stjórnarmaður í Panimo brugghúsinu.

Erlendir miðlar voru duglegir að flytja fréttir af bjórþorsta hermanna sem voru á leiðinni til einnar stærstu æfingar í sögu Nató þegar 50 þúsund hermenn frá 31 þjóð og um 250 flugvélar og 10 þúsund farartæki voru saman komin.

Um sjö þúsund hermenn stoppuðu hér á landi í fjóra daga og lögðu leið sína í miðbæinn þar sem bjórinn flæddi úr dælunum. Svo mjög að hann nánast kláraðist. Þurfti Ölgerð Egils Skallagrímssonar að senda neyðarbirgðir í miðbæinn.

Finnarnir hafa nú brugðist við en finnska brugghúsið bruggaði einmitt í í júlí bjórinn Let's Settle This Like Adults sem var til heiðurs fundi Donalds Trump Bandaríkjaforseta og Vladímírs Pútin Rússlandsforseta.


Á bjórnum stendur Si vis pacem, bibe cervisiam sem myndi þýða: Ef þú vilt frið, drekktu bjór. – bb

Á flöskunni stendur Si vis pacem, bibe cervisiam sem myndi þýða: Ef þú vilt frið, drekktu bjór.



★★★★  
„... ljóðin eru sterk. Þau bita. Taka í hjartað. Heiðarleg og grimm. Kaldhæðin og hlý.“

ÓLÍNA KJERÚLF ÞORVARÐARDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ



„Æðisleg bók ... Hún fangar á ofboðslega knappan hátt þessar myndir af öllu sem manni finnst óþægilegast og leiðinlegast við íslenskt samfélag en það er samt kímni í því.“

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR / KILJAN

„... full af kvenlegum byltingarljóðum ... Viðkvæm en samt svo sterk.“

KATRÍN LILJA / LESTRARKLEFINN

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

## Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



**TÓNASTÖÐIN**  
Allt fyrir tónlistarmanninn

## SLÖKUN OG VELLÍÐAN UNDRI HEILSUINNISKÓR

UNDRI HEILSUINNISKÓR

**RAUÐIR** STÆRDIR: 37-42  
**BLÁIR** STÆRDIR: 36-42  
**BLEIKIR** STÆRDIR: 35-42  
**LJÓSIR** STÆRDIR: 35-42  
**GRÁIR** STÆRDIR: 35-47

7.900 kr.



BARA Í BETRA BAKI

RAUÐIR, BLÁIR, BLEIKIR, LJÓSIR OG GRÁIR

### BYLTING FYRIR PREYTTA FÆTUR

Með fimm svæða nuddinnleggi  
UNDRÁ nærðu slökun og vel-  
líðan sem dregur úr spennu  
og örvar blóðflæði. Heilsu-  
inniskórarnir eru fallegir, hlýir  
og einstaklega þægilegir.  
Fáanlegir í dökkgrárrí, ljósri,  
blárrí, bleikri eða rauðri  
merínúll. **Komdu og prófaðu!**



### ÖRVUN MED SVÆÐANUDDINNLEGGI MIDAR AÐ ÞVÍ AÐ:



- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakka;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kvíðar;
- Bæta virkni meltingarkerfisins;
- Bæta blóðflæði í nára.



FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIÐI 1  
Ísafrói  
456 4566

**Betra  
BAK**



Kári grúskar í sagnfræði og skrifar bækur í fristundum en hann starfar sem lögfræðingur. Hefnd er fyrsta bók hans sem er gefin út þó að hann hafi skrifað þær fleiri. Hugmyndin kom eftir smá grúsk í sagnfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fyrsti íslenski vestrinn kominn

Það hlaut að koma að því að fyrsti íslenski vestrinn liti dagsins ljós. Um er að ræða skáldsöguna Hefnd eftir lögfræðinginn **Kára Valtýsson** sem fjallar um Íslending sem verður byssubrandur vestra.

**K**ári Valtýsson, rithöfundur og lögfræðingur, hefur sent frá sér skáldsöguna Hefnd – sem er vestri, en það er ekki algengt sagnaform héraendis þó að Bandaríkjamadurinn sé auðvitað búinn að gera þetta ótal oft. Það sem er sérstakt við þennan vestra hans Kára er að Íslendingur er aðalhetja hans, Gunnar Kjartansson að nafni, og hann þvælist þarna inn í alls konar kúrekaevintýri. Kári byggir bókina á sögulegum atburðum og hefur með í sögunni nokkrar raunverulegar persónur.

„Þetta er vestri og mér skilst að þetta sé sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi. Ég er sá fyrsti sem riður á vaðið hérna megin hafnsins. Ég var í raun að spá í af hverju fólksflutningarnir miklu urðu, þegar fólk fór að flytjast héðan til Kanada – og árið 1866 dúkkaði alltaf upp í grúskinu. Þetta var mikið eyndarár á Íslandi: það var afar harður vetur, rollurnar voru allar farsjúkar af fjárkláða og ofan á það átti enginn bót fyrir boruna á sér og Danirnir voru rosalega

**ÉG FÓR AÐ ÞÆLA Í  
HVERNIG ÉG GÆTI  
KOMIÐ ÍSLENDINGI Í ÞESSAR  
ADSTÆÐUR ÞANNIG AÐ ÞAD  
VÆRI EINHVER BRÚ Í ÞVÍ OG  
EKKI ALGJÖR ÞVÆLA. ÞANNIG  
AÐ ÉG FÓR AÐ LEITA HEIMILDA  
TIL AÐ KOMAST ÞANGAÐ. ÞAD  
TÓKST Á ENDANUM.**

vondir við okkur. Þetta fannst mér ákaflega forvitnilegt og ég fór að skoða hvað var í gangi hinum megin við hafði á sama tíma.“

Hinum megin við hafði var verið að tjasla saman Bandaríkjunum eftir borgarastyrjöldina, það var verið að leggja lestarsteinana strandanna á milli og almennt spennandi tímar þar í gangi – þannig að Kári fór að vinna að því að tengja þessi tvö söguvið saman.

„Ég fór að þæla í hvernig ég gæti komið Íslendingi í þessar aðstæður þannig að það væri einhver brú í því

og ekki algjör þvæla. Þannig að ég fór að leita heimilda til að komast þangað. Það tókst á endanum og okkar maður endar í harki á lestarsteinunum og svo sem byssubrandur. Þannig að þetta byrjaði sem sagnfræðilegur áhugi og eitt leiddi í aftur.“

Kári segist vera búinn að skrifa heilan helling fram að þessu þó að Hefnd sé hans fyrsta útgefna bók – til að mynda skrifaði hann um lögfræðing í tilvistarkreppu, sem er auk þess eitthvað klinkaður, sem er kannski eilítið nær hans raunveruleika en vestrinn – en sú saga kom aldrei út. Hefnd varð til í kringum 2015 – og hefur verið í þróun síðan og Kári segir það sagnfræðihugana – að þakka að þessi „kolruglaða“ hugmynd hafi orðið að veruleika, eins og hann orðar þá.

Kári er í fullri vinnu hjá Fulltingi sem lögfræðingur og grúskaði í sagnfræðinni og skrifunum þess á milli.

„Ég er að vinna á Fulltingi og skrifa svona í hjáverku eins og þeir segja – byrja ekki allir þar?“  
stefanthor@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADELDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Víðardóttir johannahega@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401; Guðaf Bjarnsson gustaf@frettabladid.is, Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Sigfus Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Valdimar Biggisson valdimar@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402; Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Elín Albertsdóttir elin@frettabladid.is og Ragnheiður Tryggvadóttir heid@frettabladid.is RABDAUGLÝSINGAR FASTEIGNIR SÍMI 512-5403; Hrafnar Helgsson hrafnar@frettabladid.is, Víbar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407; Ana Rut Kristinsdóttir amanrut@frettabladid.is, Guðrún Inga Crétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

# BLEKIÐ ER VARLA ÞORNAÐ

4 NÝJAR OG FLOTTAR BÆKUR



Krýsuvík

TILBOÐSVERÐ:  
**4.899.-**  
Verð áður:  
6.999.-



Krossgötur

TILBOÐSVERÐ:  
**4.899.-**  
Verð áður:  
6.999.-



Hans Blær

TILBOÐSVERÐ:  
**4.699.-**  
Verð áður:  
6.999.-



Útkall - Þrekvirki í Djúpinu

TILBOÐSVERÐ:  
**4.899.-**  
Verð áður:  
6.999.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4  
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvalлагötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1  
Vestmannaeyjum - Bárustig 2

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáratind  
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vörurval mismunandi eftir verðslunum. Gildistími vildarverða er til og með 15. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytingar.



## BAKÞANKAR

Bjarna  
Karlssonar



## Þarf það?

Þegar kom að mér í Bónusröðinni um daginn horfði kassastelpa á þennan miðaldra karl og spurði einbeitt: „Þarftu þoka?“ Í stað þess að spyrja hvað ég vildi eða langaði spurði hún hvað ég þyrfti. Þetta er nýi tíminn. Við erum að uppgötva að við erum ábyrgir þátttakendur í risastóru vistkerfi þar sem allt er öðru háð. Maður hanterar steikina á föstudagskvöldi, finnur til skyldleikans og telur í huganum kolefnissporin sem þurft hefur að taka til að koma þessari veru á legg svo unnt væri að slátra henni og leggja hana hér upp á eldhúsbekkin til að krydda vöðvann fyrir matreiðslu. Þarf ég kjöt? Þarf ég þoka? Þarf ég að fljúga til útlanda? Þarf ég að aka bíl í vinnuna? Þarf ég blómstrandi vöruúrval á meðan líffræðilegur fjölbreytileiki jarðar fölnar?

Á sama tíma og stórveldin huga að auknum vörnum og þjóðernishygga vex fer vitundin um markleysi landamæra og fegurð fjölbreytileikans sem ferskur blær um höf og lönd. Mannsandinn skynjar að hann er eitt með öllu sem lifir. Maðurinn er ekki herra jarðar heldur þjónn. Jörðin er ekki hræfni heldur lifandi líkami sem við erum hluti af, og fleiri og fleiri jarðarbúar eru með verkjum vitandi af bráðnun jökla, súrnun sjávar og útdaða tegunda.

Núna liggur sárt og flókið mál-efni fyrir Alþingi sem ég hef ekki svar við en grunar að gagnlegt sé að skoða í þessu ljósi: Lagafrumvarp um meðgöngurof. Annars vegar þarf að tryggja að löggjöfin viðhaldi ekki forræðishyggu gagnvart barnshafandi konum. Hins vegar verðum við að viðurkenna að föstur í móðurkviði á sér stærra samhengi en líkama móðurinnar og að við tilheyrum samfélagi sem bindur enda á sjöttu hverja þungun. Þarf það?

FYRIR SVANGA  
FERDALANGA

Kvikk  
UM FRÍÐU

Jói  
Fel

BAKARÍ



VEISLUPJÓNUSTA

Sjá úrval veislubakka  
á [www.joifel.is](http://www.joifel.is)

# BORGIR SEM BÍÐA ÞÍN

DUBLIN FRÁ  
**6.499 kr.\***

Tímabil: nóv.–mars

FRANKFURT FRÁ  
**6.499 kr.\***

Tímabil: des.–mars

AMSTERDAM FRÁ  
**7.499 kr.\***

Tímabil: nóv.–mars

BOSTON FRÁ  
**12.999 kr.\***

Tímabil: nóv.–mars

NEW YORK FRÁ  
**12.999 kr.\***

Tímabil: des.–mars

PITTSBURGH FRÁ  
**12.999 kr.\***

Tímabil: nóv.–mars

Upplifðu ameríska drauminn eða njóttu lífsins í einstökum Evrópuborgum. Brunaðu til Boston, njóttu þín í New York eða drífðu þig til Pittsburgh. Þú getur líka slappað af í Amsterdam, flýtt þér til Frankfurt eða drífðu þig til Dublin. Þitt er valið. Bókaðu þitt WOW strax í dag!